

MANNRÉTTINDADÓMSTÓLL EVRÓPU 2010

Dómareifanir

2. hefti 2010 (júlí – desember)

Mannréttindastofnun Háskóla Íslands

Ritstjóri: Björg Thorarensen
Ritnefnd: Arnar Þór Stefánsson
Hrafn Bragason

Mannréttindadómstóll Evrópu
Dómareifanir
2. hefti 2010 (júlí – desember)

© Mannréttindastofnun Háskóla Íslands
ISSN 1670-6145
Ljósmynd á kápu er fengin frá Evrópuráðinu



Prentun: Oddi umhverfissvottuð prentsmiðja

Útgáfan er styrkt af innanríkisráðuneytinu

Frá ritstjóra

Í þessu hefti dómareifana Mannréttindadómstóls Evrópu frá síðari hluta ársins 2011 kennir margra grasa. Á tímabilinu gekk þó hvorki dómur né ákvörðun með efnislegri umfjöllun í kærumáli gegn íslenska ríkinu. Vert er að benda á ákvörðun dómstólsins í kærumáli hælisleitanda sem synjað var um hæli hér á landi. Í máli W.S. gegn Íslandi kom í fyrsta skipti til þess að Mannréttindadómstóllinn beindi þeim tilmælum til íslenskra stjórnvalda að fresta ákvörðun um brottvísun á grundvelli 39. greinar í málsmeðferðarreglum dómstólsins. Allt frá því að dómstóllinn sló því föstu í máli Mamatkulov og Askarov gegn Tyrklandi árið 2005 að 39. grein reglna dómstólsins um bráðabirgðaráðstafanir stefndi að því að tryggja virkan kærurétt einstaklinga til dómstólsins samkvæmt 34. gr. sáttmálans og því bindandi fyrir aðildarríki, hefur beiðnum á grundvelli hennar fjölgað umtalsvert. Þannig tók dómstóllinn afstöðu til 3.680 slíkra beiðna á árinu 2010 sem er yfir 50% aukning frá árinu áður. Dómstóllinn féllst á að senda tilmæli til aðildarríkja um að grípa til bráðabirgðaráðstafana í 1.440 málum á árinu 2010. Líkt og í máli W.S. gegn Íslandi tengjast langflestar beiðnanna kærumálum vegna brottvísunar eða endursendingar útlendinga til heimalands síns þar sem hætta er á að þeir verði fyrir pyndingum eða ómannúðlegri meðferð sem er andstæð 3. gr. sáttmálans. Í íslenska kærumálinu var sú staða uppi að vísa átti kæranda til Grikklands á grundvelli reglna Dyflinnarreglugerðar Evrópusambandsins sem Ísland á aðild að. Hann kvartaði bæði undan því að aðstæður hans sem hælisleitanda í Grikklandi myndu brjóta gegn réttindum hans samkvæmt 3. gr. en einnig að hætta væri á að grísk stjórnvöld sendu hann aftur til Afganistan þar sem hans myndu bíða pyndingar. Ekki reyndi á að leyst yrði úr málinu á grundvelli 3. gr. sáttmálans þar sem kærandi fékk dvalarleyfi af mannúðarástæðum hér á landi áður en til þess kom. Ákvað dómstóllinn því að fella málið niður.

Mannréttindadómstóllinn hefur með túlkun á markmiði 34. gr. sáttmálans um kærurétt einstaklinga og með vísan til 39. gr. málsmeðferðarreglna sem hann hefur sjálfur sett fært út vernd sáttmálans. Þrátt fyrir að 34. gr. standi í þeim hluta sáttmálans sem fjallar um réttarfar og meðferð kærumála fyrir Mannréttindadómstólnum hefur dómstóllinn frá árinu 2005 beitt greininni sem efnislegum réttindum og leitt af henni skyldu aðildarríkja til þess að fylgja fyrir mælum um að fresta framkvæmd ákvarðana.

Af öðrum málum sem hér eru reifuð, má nefna margþætt álitaefni um brot á 8. gr. sáttmálans, um friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu þar á meðal dóm í máli Neulinger og Shuruk gegn Sviss. Þar komst yfirdeild Mannréttindadómstólsins að þeirri athyglisverðu niðurstöðu að ákvörðun svissneskra dómstóla um að framfylgja bæri skyldu samkvæmt ákvæðum Haagsamnings um brotnám barna, til að skila barni sem móðir flutti ólöglega milli landa, bryti gegn réttindum móður og barns samkvæmt 8. gr. sáttmálans. Í ítarlegum rökstuðningi dómstólsins sést vel það vandasama mat sem fer fram

við úrlausn þess hvað er hagsmunum barns fyrir bestu við þessar aðstæður. Ísland hefur verið aðili að Haagsamningnum um árábil og dómstólar hér á landi fá gjarnan til úrlausnar beiðnir um afhendingu barna á grundvelli hans. Dómurinn er vafalaust til mikilvægrar leiðbeiningar fyrir dómstóla hér á landi eins og öðrum aðildarríkjum sáttmálans um túlkun og beitingu 8. gr. í slíkum málum.

Þeim sem komu að útgáfunni eru færðar bestu þakkir fyrir framlag sitt, en dómareifanir í þessu hefti voru unnar af Gunnari Páli Baldvinssyni lögfræðingi og laganemunum Katli Einarssyni og Valgerði Guðmundsdóttur undir umsjón Arnars Þórs Stefánssonar hrl.

Björg Thorarensen

Efnisyfirlit 2. hefti 2010 (júlí - desember)

3. gr. Bann við pyðningum	7
N gegn Svíþjóð. Dómur frá 20. júlí 2010	
<i>Útlendingar. Hælisleitendur. Brottvísun.</i>	7
W.S. gegn Íslandi. Ákvörðun frá 24. ágúst 2010	
<i>Útlendingar. Hælisleitendur. Brottvísun. Beiðni um bráðabirgðaráð- stöfun skv. 39. grein reglna Mannréttindadómstólsins.</i>	8
5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi	11
Clift gegn Bretlandi. Dómur frá 13. júlí 2010 (sjá reifun undir 14. gr.)	
Mangouras gegn Spáni. Dómur frá 28. september 2010	
<i>Handtaka. Lausn gegn tryggingu. Fjárhæð tryggingar.</i>	11
6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi	13
Uzun gegn Þýskalandi. Dómur frá 2. september 2010 (sjá reifun undir 8. gr.)	
A.S. gegn Finnlandi. Dómur frá 28. september 2010	
<i>Sakamál. Sönnunargögn. Kynferðisbrot gegn barni.</i>	13
Sakhnovskiy gegn Rússlandi. Dómur frá 2. nóvember 2010	
<i>Endurupptaka máls. Réttur til lögfræðiaðstoðar. Þolandi brots.</i>	15
Bannikova gegn Rússlandi. Dómur frá 4. nóvember 2010	
<i>Öflun sönnunargagna í sakamáli. Fikniefnabrot. Tálbeita.</i>	17
Andersson gegn Svíþjóð. Dómur frá 7. desember 2010	
<i>Réttur til munnlegrar málsmeðferðar. Stjórnsýsludómstólar.</i>	20
8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu	23
Neulinger og Shuruk gegn Sviss. Dómur frá 6. júlí 2010	
<i>Börn. Forsjá. Haagsamningur um brotnám barna.</i>	23
Grönmark gegn Finnlandi og Backlund gegn Finnlandi . Dómar frá 6. júlí 2010	
<i>Faðernismál. Málshöfðunarfrestir.</i>	25
Uzun gegn Þýskalandi. Dómur frá 2. september 2010	
<i>Sakamál. Öflun sönnunargagna. Rannsóknaraðferðir lögreglu.</i>	27
Konstantin Markin gegn Rússlandi. Dómur frá 7. október 2010 (sjá reifun undir 14. gr.)	
Aune gegn Noregi. Dómur frá 28. október 2010	
<i>Börn. Aðgerðir barnaverndaryfirvalda. Ættleiðing.</i>	29
Gillberg gegn Svíþjóð. Dómur frá 2. nóvember 2010 (sjá reifun undir 10. gr.)	
A, B og C gegn Írlandi. Dómur frá 16. desember 2010	
<i>Réttur til fóstureyðingar.</i>	32

9. gr. Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi	36
Jakóbski gegn Póllandi. Dómur frá 7. desember 2010	
<i>Fangar. Sérfaði vegna trúarskoðana.</i>	36
10. gr. Tjáningarfrelsi	38
Mariapori gegn Finnlandi. Dómur frá 6. júlí 2010	
<i>Opinberir starfsmenn. Ærumeiðingar. Tjáningarfrelsi í réttarsal.</i>	
<i>Byngd refsingar.</i>	38
Niskasaari o.fl. gegn Finnlandi. Dómur frá 6. júlí 2010	
<i>Fjölmiðlar. Ærumeiðingar. Staðreyndir og gildisdómar.</i>	40
Sanoma Uitgevers B.V. gegn Hollandi. Dómur frá 14. september 2010	
<i>Fjölmiðlar. Heimildarmenn. Haldlagning án dómsúrskurðar.</i>	43
Gillberg gegn Svíþjóð. Dómur frá 2. nóvember 2010	
<i>Skylda til að afhenda gögn. Rannsóknargögn í háskóla.</i>	45
11. gr. Funda- og félagafrelsi	47
Alekseyev gegn Rússlandi. Dómur frá 21. október 2010	
<i>Fjöldagöngur. Hætta á óeirðum. Réttindi samkynhneigðra.</i>	47
13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns.....	49
Kuric o.fl. gegn Slóveníu. Dómur frá 13. júlí 2010 (sjá reifun undir 8. gr.)	
Alekseyev gegn Rússlandi Dómur frá 21. október 2010 (sjá reifun undir 11. gr.)	
14. gr. Bann við mismunun	50
Clift gegn Bretlandi . Dómur frá 13. júlí 2010	
<i>Skilyrði reynslulausnar. Mismunun byggð á lengd fangelsisrefsingar.</i>	50
48J.M. gegn Bretlandi. Dómur frá 28. september 2010	
<i>Meðlagsgreiðslur. Sambúð samkynhneigðra.</i>	49
Konstantin Markin gegn Rússlandi. Dómur frá 7. október 2010	
<i>Hermenn. Foreldraorlof. Mismunun vegna kynferðis.</i>	53
Alekseyev gegn Rússlandi. Dómur frá 21. október 2010 (sjá reifun undir 11. gr.)	
Jakóbski gegn Póllandi. Dómur frá 7. desember 2010 (sjá reifun undir 9. gr.)	
1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar	56
J.M. gegn Bretlandi. Dómur frá 28. september 2010 (sjá reifun undir 14. gr.)	
Perdigao gegn Portúgal. Dómur frá 16. nóvember 2010.	
<i>Ágreiningur um fjárhæð eignarnámsbóta. Málskostnaður</i>	56

3. gr. Bann við pyndingum

N gegn Svíþjóð

Dómur frá 20. júlí 2010

Mál nr. 23505/09

3. gr. Bann við pyndingum

Útlendingar. Hælisleitendur. Brottvísun.

1. Málsvik

Kærandi, N, er afganskur ríkisborgari, fædd árið 1970 og býr í Fagersta í Svíþjóð. Hún sótti um hæli í Svíþjóð stuttu eftir að hún kom til landsins ásamt eiginmanni sínum í ágúst 2004. Þau héldu því fram að þau hefðu sætt ofsóknum í Afganistan þar sem maður N hafði verið virkur félagi í kommúnistaflokki landsins. Hælisumsókn þeirra var hafnað í mars 2005. N kærði niðurstöðuna á þeim grundvelli að hún hefði í millitíðinni slitið sambandi við eiginmann sinn. Af þessum sökum ætti hún á hættu að sæta ofsóknum í Afganistan ef henni yrði gert að snúa þangað aftur. Kæru hennar var synjað. Hún sótti um dvalarleyfi þrisvar og ennfremur um lögskilnað frá eiginmanni sínum. Í umsókn hennar kom m.a. fram að hún hefði hafið sambúð með manni í Svíþjóð þrátt fyrir að lögskilnaður hennar hefði ekki verið staðfestur. Hún væri því í enn meiri hættu en ella á að sæta ofsóknum í Afganistan sneri hún aftur þangað. Öllum umsóknum kæranda var hafnað af sænskum yfirvöldum.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði kæru sína á því að brotið væri gegn 3. gr. sáttmálans yrði henni gert að snúa aftur til Afganistan. Af þessum sökum mætti ekki fullnægja ákvörðunum sænskra innflytjendayfirvalda um að senda hana aftur til Afganistan.

Niðurstaða

Dómstóllinn fjallaði um almennt ástand mannréttinda í Afganistan og komst að þeirri niðurstöðu að gögn um þau sýndu ekki ein og sér að brotið yrði gegn réttindum kæranda ef henni yrði gert að snúa aftur til Afganistan. Aftur á móti væru konur í sérstakri hættu í Afganistan ef þær teldust hafa farið út fyrir það hlutverk sem þeim væri stranglega afmarkað í afgönsku samfélagi. Sú staðreynd að N hefði búið í Svíþjóð gæti verið metin svo í Afganistan að hún hefði farið út fyrir tiltekin hátternismörk. Þá gæti það að kærandi vildi skilnað og bjó ekki lengur með eiginmanni sínum leitt til þess að hún yrði fyrir alvarlegum ofsóknum sneri hún til Afganistan. Dómstóllinn vísaði m.a. til þess að samkvæmt nýsamþykktum lögum í Afganistan væri konum gert að fullnægja kynferðislegum kröfum eiginmanna sinna og væri bannað að yfirgefa heimili sín án samþykkis. Skýrslur sýndu að um 80% afganskra kvenna þyrftu að þola

3. gr. Bann við pyndingum

ofbeldi heima fyrir sem afgönsk stjórnvöld litu á sem lögmætt ofbeldi sem ekki yrði ákært fyrir. Réttindi kvenna sem ekki nytu verndar karlmanns, eða væru einhleypar, væru afar takmörkuð og þær væru útilokaðar frá þátttöku í afgönsku samfélagi. Þær gætu ekki aflað sér lífsviðurveris nema þær nytu verndar skyldmenns sem væri karlmaður.

Í ljósi framangreinds og með tilliti til sérstakra aðstæðna í þessu máli taldi dómstóllinn að ástæða væri til að ætla að kærandi yrði að þola meðferð sem félli undir 3. gr. sáttmálans af hálfu eiginmanns, fjölskyldu og afgansks samfélags yrði henni gert að snúa aftur til Afganistan. Framkvæmd úrskurðar sænskra yfirvalda myndi því fela í sér brot gegn 3. gr. sáttmálans.

W.S. gegn Íslandi

Ákvörðun frá 24. ágúst 2010

Mál nr. 55338/09

3. gr. Bann við pyndingum

34. gr. Kærur einstaklinga

Útlendingar. Hælisleitendur. Brottvísun. Beiðni um bráðabirgðaráðstöfun skv. 39. grein reglna Mannréttindadómstólsins.

Mannréttindadómstóll Evrópu (fjórða aðaldeild), sem situr í deild hinn 24. ágúst 2010 skipaðri:

Nicolas Bratza, forseta,

Giovanni Bonello,

Davíð Þór Björgvinssyni,

Ján Šikuta,

Päivi Hirvelä,

Ledi Bianku,

Nebojša Vučinić, dómurum,

og Fatos Aracı, aðstoðarritara aðaldeildar,

með hliðsjón af framangreindri kæru, sem lögð var fram 16. október 2009,

með hliðsjón af bráðabirgðaráðstöfun sem tilkynnt var ríkinu skv. 39.

reglu í reglum dómstólsins,

hefur ákveðið eftirfarandi að aflokinni umfjöllun sinni:

MÁLSATVIK

Kærandi, S, er afganskur ríkisborgari, fæddur 1977 í Afganistan, og búsettur í Reykjavík. Arnar Þór Jónsson, lögmaður í Reykjavík, kom fram fyrir hans hönd gagnvart dómstólnum.

Málavextir

Málavextir, eins og þeir voru settir fram af kæranda, eru í samantekt sem hér segir:

3. gr. Bann við pyndingum

1. Aðdragandi að komu kæranda til Íslands

Erfiðleika kæranda í Afganistan má rekja aftur til september 1996, þegar Talibanar náðu Kabúl á sitt vald. Talibanar handtóku hann og pyntuðu hann í tvo sólarhringa og endurtóku pyntingarnar nokkrum sinnum næstu mánuði á eftir. Talibanar ásökuðu hann um að hafa aðstoðað Mujahedeen-skæruliða, en þeir síðarnefndu ásökuðu hann aftur á móti um svik við sig. Árið 1997 taldi hann að sér væri nauðgurur sá kostur að yfirgefa Afganistan og flýði til Írans.

Síðla árs 2001 fór kærandi til Tyrklands. Þar dvaldist hann fram til maí 2002. Eftir það fór hann til Grikklands, þar sem hann bað þegar í stað um hæli. Hann lærði grísku og tók próf í grískum háskólum og stundaði launað starf.

Meðan hann var í Grikklandi varð hann í eitt skipti fyrir árás af hálfu Afgana og taldi hann sig ofsóttan af Afgönnum. Af ótta um persónulegt öryggi sitt yfirgaf hann landið.

2. Umsókn kæranda um hæli á Íslandi og málsmeðferð í tengslum við umsóknina

Í júní 2008 kom kærandi til Íslands og sótti um hæli.

Hinn 24. mars 2009 hafnaði Útlendingastofnun því að taka til greina málsástæður í umsókn kæranda um hæli og ákvað að honum skyldi vísað úr landi og hann fluttur til Grikklands á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar (samantekt á viðeigandi lögum Evrópusambandsins, einkum Dyflinnarreglugerðarinnar (Dublin II), sem gilda í öllum Evrópusambandsríkjum, auk Noregs og Íslands, má finna í máli K.R.S. gegn Bretlandi nr. 32733/08, ECHR 2008-...).

Hinn 14. maí vísaði kærandi málinu til dómsmálaráðuneytisins, sem ákvað að fresta framkvæmd brottvísunar hans meðan kannaðar væru aðstæður hælisleitenda í Grikklandi.

Að fenginni skýrslu frá júní 2009, þar sem viðurkenndir voru annmarkar á málsmeðferð hælisumsókna og bágar aðstæður hælisleitenda í Grikklandi, ákvaðu stjórnvöld á Íslandi að halda áfram brottvísunum aftur til Grikklands samkvæmt Dyflinnarreglugerðinni á grundvelli sérstaks mats á hverju tilviki fyrir sig. Samkvæmt skýrslunni skyldi taka mið af því hvort mannréttindi hælisleitenda væru tryggð í Grikklandi, einkum í tilviki einstaklinga í viðkvæmri stöðu, svo sem þegar um væri að ræða sjúklinga eða einsömul börn, og hvort hætta væri á því að viðkomandi hælisleitandi yrði sendur áfram til þriðja ríkis þar sem hætt væri við því að hann sætti illri meðferð. Væru aðstæður taldar varhugaverðar skyldi „fullveldisákvæði“ 2. mgr. 3. gr. Dyflinnarreglugerðarinnar beitt þannig að íslensk stjórnvöld tækju ábyrgð á meðferð hælisumsóknarinnar.

Hinn 21. september 2009 samþykkti dómsmálaráðuneytið þá ákvörðun Útlendingastofnunar að flytja kæranda til Grikklands. Lögreglan reyndi hinn 14. október 2009 að handtaka hann í því skyni að senda hann úr landi, en tókst ekki að hafa uppi á honum.

Hinn 16. október ákvað forseti, með hagsmuni aðila að leiðarljósi og í þágu eðlilegrar málsmeðferðar fyrir dómstólnum að beina þeim tilmælum til

3. gr. Bann við pyndingum

íslenskra stjórnvalda, sbr. 39. grein í reglum dómstólsins, að kæranda yrði ekki vísað úr landi til Grikklands að svo stöddu.

3. Önnur málsatvik er varða stöðu kæranda

Í læknisvottorði um viðtöl kæranda við lækna frá 26. júní og 23. október er ítrekað að hann hafi greinst með þunglyndi, andlitstaugarlömun og eyrnasuð (tinnitus) og að á Íslandi hefði hann leitað læknishjálpar í því skyni að viðhalda andlegri heilsu sinni. Vegna losts, sem stafaði af pyntingum í Afganistan, hefði hann þjáðst af ósjálfráðum skjálfta, langvinnnum höfuðverk og kvíða. Hann þarfnadist lyfjameðferðar.

Í yfirlýsingu sálfræðings frá 6. september 2009 var staðfest að kærandi hefði mörgum sinnum verið lagður inn á spítala vegna sjúkleika síns, sem olli honum svefnleysi, martröðum, streitu, taugatruflunum og öðrum sjúkdómseinkennum.

Kærandi bar ennfremur að hann hefði stofnað til fjölskyldu á Íslandi þar sem hann ætti í sambandi við íslenska konu og hefði gengið fjórum börnum hennar í föðurstað.

KÆRUEFNI

Kærandi hélt því fram að brottvísun hans til Grikklands, ef til hennar kæmi, myndi fara í bága við 3. gr. mannréttindasáttmálans, í fyrsta lagi vegna slæmra aðstæðna og meðferðar hælisleitenda í Grikklandi og í öðru lagi vegna hættu á að grísk stjórnvöld kynnu að senda hann aftur til Afganistans. Í heima-landinu yrði hann í mikilli lífshættu, þeir sem hefðu pyntað hann væru enn á eftir honum og ólíklegt væri að hann fengi þá læknismeðferð sem hann þyrfti. Ennfremur væru ekki í gildi nein virk réttarforsúrræði í Grikklandi sem vernduðu hann fyrir brottvísun til Afganistans. Kærandi vísaði jafnframt til 14. gr., í samhengi við 3. gr., 8. gr. og 13. gr. mannréttindasáttmálans, og 1. gr. samningsviðauka nr. 7.

LAGAATRÍÐI

Hinn 31. maí 2010 tilkynnti talsmaður kæranda dómstólnum að kærandi vildi draga kæru sína til baka þar sem Útlendingastofnun á Íslandi hefði hinn 25. maí 2010 veitt honum dvalarleyfi af mannúðarástæðum. Hann hefði þannig „hlotið full réttarúrræði[...] á Íslandi“.

Dómstóllinn telur að við þessar aðstæður megi líta svo á að kærandi vilji ekki lengur fylgja kæru sinni eftir, sbr. a-lið 1. mgr. 37. gr. mannréttindasáttmálans. Ennfremur telur dómstóllinn ekki að fyrir hendi séu neinar sérstakar aðstæður sem varða virðingu fyrir mannréttindum, svo sem þau eru skýrð í mannréttindasáttmálanum og samningsviðaukum hans, sem kalla á að athugun málsins verði fram haldið, sbr. lokamálslið 1. mgr. 37. gr. Í ljósi framangreinds er eðlilegt að fella málið út af málaskrá. Af ofangreindum ástæðum ákveður dómstóllinn samhljóða að fella málið út af málaskrá sinni.

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Clift gegn Bretlandi

Dómur frá 13. júlí 2010

Mál nr. 7205/07

Sjá reifun dómsins undir 14. gr.

Skilyrði reynslulausnar. Mismunun byggð á lengd fangelsisrefsingar.

Mangouras gegn Spáni - Yfirdeild

Dómur frá 28. september 2010

Mál nr. 12050/04

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

Handtaka. Lausn gegn tryggingu. Fjárhæð tryggingar.

1. Málsatvik

Kærandi, Apostolos Ioannis Mangouras, er grískur ríkisborgari. Hann var skipstjóri olíuflutningaskipsins Prestige, en í nóvember 2002 láku 70.000 tonn af olíu, sem skipið var að flytja, í Atlantshafið undan ströndum Spánar, þegar gat kom á skipsskrokkinn. Olíulekinn olli miklum umhverfisspjöllum og áhrif hans á gróður og dýralíf varði í marga mánuði og náði allt að ströndum Frakklands. Í kjölfarið hófst sakamálarannsókn á atvikinu og var kærandi úrskurðaður í gæsluvarðhald með möguleika á að losna gegn greiðslu þriggja milljóna evra tryggingar.

Kærandi sat í gæsluvarðhaldi í 83 daga eða þar til tryggingin hafði verið greidd af tryggingafélagi útgerðarinnar. Spænsk yfirvöld heimiluðu síðar kæranda að snúa aftur til Grikklands gegn því skilyrði að grísk yfirvöld héldu uppi því reglubundna eftirliti sem hann hafði sætt á Spáni. Kærandi þarf því m.a. að tilkynna sig á tveggja vikna fresti á lögreglustöð.

Sakamáli hans á Spáni er enn ólokið.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að sú fjárhæð sem spænsk yfirvöld kröfðust að greidd yrði í tryggingu hefði verið of há og í engu samræmi við aðstæður hans og því brot á rétti hans til frelsis og mannhelgi samkvæmt 3. mgr. 5. gr. sáttmálans. Deild dómstólsins komst einróma að þeirri niðurstöðu í dómi frá 31. mars 2009 að ekki hefði verið brotið gegn 5. gr. sáttmálans af hálfu spænskra yfirvalda. Þann 5. júní 2009 var málinu vísað til yfirdeildar dómstólsins

Niðurstaða

Dómstóllinn ítrekaði að samkvæmt 3. mgr. 5. gr. sáttmálans væri aðeins hægt að krefjast tryggingar jafnlengi og ástæður, sem réttlættu gæsluvarðhald, væru enn fyrir hendi, og yfirvöldum bæri bæði að sjá til þess að hún væri hæfilega

ákvörðuð og taka ákvörðun um hvort áframhaldandi gæsluvarðhald yfir hinum ákærða væri nauðsynlegt. Þó svo að við ákvörðun um upphæð tryggingar ætti aðallega að miða við fjárhagslega stöðu hins ákærða væri ekki óréttlátt í sumum tilfellum að taka tillit til þess tjóns sem ákærða væri gefið að sök að bera ábyrgð á. Kærandi hafði verið sviptur frelsi í 83 daga og var síðan sleppt eftir að banka-trygging sem nam þremur milljónum evra hafði verið lögð fram.

Þegar tryggingin var ákvörðuð höfðu spænskir dómstólar litið til hugsanlegrar hættu á að kærandi myndi flýja land og nauðsynjar þess að tryggja að hann mætti fyrir dóm við meðferð sakamálsins. Dómstóllinn leit til persónulegra aðstæðna kæranda sem og alvarleika þeirra brota sem hann var sakaður um, áhrifa slyssins á almenningsálitið og starfsumhverfis kæranda, þ.e. sjóflutninga á olíu. Taka þyrfti tillit til breyttra aðstæðna þegar túlkuð væru skilyrði 3. mgr. 5. gr. sáttmálans, þ.e. vaxandi og réttmæts ótta, bæði í Evrópu og á alþjóðavettvangi, við umhverfisglæpi og tilhneigingu ríkja til að beita refsivíðurlögum í þeim tilgangi að framfylgja skyldum Evrópu- og þjóðaréttar á sviði umhverfismála.

Dómstóllinn taldi ekki hægt að útiloka tillit til starfsumhverfis, þar sem slys eða atvik eiga sér stað, þegar trygging væri ákvörðuð til þess að tryggja að ráðstöfunin skilaði tilætluðum árangri. Þegar litið væri til óvenjulegs eðlis máls kæranda og þess umfangsmikla tjóns sem varð á lífríkinu af völdum oliulekans, sem var einn sá mesti sem upp hafði komið, væri varla óvænt að dómsyfirvöld hefðu ákvarðað tryggingu í samræmi við skaðann sem slysið olli. Ekki var talið öruggt að trygging sem miðaði einungis við fjárhagsstöðu kæranda myndi nægja til að tryggja að hann kæmi fyrir dóm. Þar að auki hafði sú staðreynd að tryggingafélag útgerðarinnar greiddi tryggingarféð rennt frekari stöðum undir þá ákvörðun spænskra dómstóla að miða við starfsumhverfi kæranda þegar þeir ákváðu fjárhæð tryggingarinnar þar sem augljóslega voru tengsl og samband milli kæranda og þess aðila sem greiddi trygginguna.

Spænskir dómstólar höfðu því, að mati dómstólsins, tekið nægjanlegt tillit til aðstæðna kæranda, þegar þeir ákvörðuðu trygginguna, sérstaklega stöðu hans sem starfsmanns útgerðarinnar, faglegs sambands hans við þann sem greiddi trygginguna, þjóðernis hans og fasts aðseturs sem og lítilla tengsla hans við Spán og aldurs kæranda. Í ljósi sérstöðu málsins og mikilla umhverfis- og efnahagslegra afleiðinga slyssins var talið rétt af spænskum yfirvöldum að taka tillit til alvarleika brotsins og umfangs þess tjóns sem rekja mátti til gerða kæranda þegar þau ákváðu fjárhæð tryggingarinnar. Í samræmi við þetta var niðurstaða dómstólsins að ekki hefði verið brotið gegn rétti kæranda samkvæmt 5. gr. sáttmálans.

Sjö dómarar af sautján skiluðu séráliti.

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Uzun gegn Þýskalandi

Dómur frá 2. september 2010

Mál nr. 35623/05

Sjá reifun dómsins undir 8. gr.

Sakamál. Öflun sönnunargagna. Rannsóknaraðferðir lögreglu.

A.S. gegn Finnlandi

Dómur frá 28. september 2010

Mál nr. 40156/07

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Sakamál. Sönnunargögn. Kynferðisbrot gegn barni.

1. Málsatvik

Kærandi, A.S., er finnskur ríkisborgari. Hann var ákærður og síðar sakfelldur fyrir kynferðislega misnotkun gagnvart fjögurra ára dreng. Fyrir Mannréttindadómstólnum snerist málið um rétt aðila til að koma að spurningum við vitnaleiðslur og halda með því uppi vörnum í máli.

Málsatvik voru þau að í janúar 2004 hafði móðir drengsins A samband við lögreglu þar sem hana grunaði að sonur sinn hefði verið misnotaður kynferðislega af kæranda sem var vinur fjölskyldunnar. Lögregla tók skýrslu af móðurinni samdægurs. Þann 26. febrúar sama ár var A yfirheyrður á barnaspítala að ósk lögreglu. Yfirheyrslunni, sem tekin var upp á myndband, stjórnaði sálfræðingur. Lögreglumaðurinn sem sá um rannsókn málsins og læknirinn S, sem hafði sérhæft sig í barnageðlækningum, voru viðstaddir en þeir fylgdust með bak við spegilgler. Kærandi var ekki viðstaddur þegar viðtalið var tekið né hafði honum verið tilkynnt um rannsókn málsins. Tveir aðrir sálfræðingar framkvæmdu síðar sálfræðimat á drengnum auk þess sem hann gekkst undir læknisskoðun. Að mati sálfræðinganna var frásögn drengsins trúverðug auk þess sem breytingar á hegðun hans bentu til kynferðislegrar misnotkunar. Læknirinn S, sem hafði sinnt mest málum drengsins, tók þar að auki fram að frekari viðtöl og yfirheyrslur vegna meints brots gætu haft mjög slæm áhrif á andlega heilsu hans.

Þann 1. júlí 2004 var kærandi fyrst yfirheyrður með réttarstöðu sakbornings. Hann neitaði öllum sakargiftum. Þann 12. október sama ár var gefin út ákæra á hendur kæranda.

Kærandi var ósáttur við að hafa ekki fengið að bera upp spurningar við yfirheyrslu yfir drengnum. Hann mótmælti því þó ekki að myndbandsupptaka af viðtalinu yrði lögð fram sem sönnunargagn en taldi frásögn drengsins fjarstæðukennda og bera keim af því að vera fyrirfram æfð. Eftir að málið var komið fyrir dóm og saksóknari búinn að flytja upphafsræðu sína bar kærandi því við að ekki væri hægt að nota myndbandsupptökuna sem sönnunargagn þar sem hann hefði ekki notið réttar til að leggja spurningar fyrir vitnið. Kærandi

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

samþykkti þó að upptakan væri færð fyrir dóminn. Dómurinn komst að lokum að þeirri niðurstöðu að hvorki vitnisburður drengsins né önnur sönnunargögn staðfestu sekt kæranda og var hann því sýknaður.

Saksóknari áfrýjaði dómnum og var málið tekið fyrir af áfrýjunardómstóli í júní 2006. Saksóknari lagði fram myndbandsupptökuna sem sönnunargagn án mótmæla af hálfra kæranda. Kærandi hélt þó uppi mótmælum hvað varðaði það að hafa ekki fengið að bera fram spurningar við vitnaleiðsluna. Aðspurður hvaða spurningar hann hefði viljað bera upp við drenginn svaraði kærandi því að hann hefði viljað varpa ljósi á viss atriði í frásögn hans, hvort móðir drengsins hefði sagt honum frá viðtalinu fyrirfram og hvort hún hefði haft áhrif á vitnisburðinn. Dómurinn taldi að samkvæmt réttarfarslöggjöf landsins væri óheimilt að nota upptökuna sem sönnunargagn þar sem kærandi fékk ekki að bera upp spurningar. Hins vegar heimilaði dómurinn móður drengsins og læknum S að bera vitni varðandi viðtalið við drenginn sem þær höfðu báðar verið viðstaddar. Þann 22. ágúst 2006 var kærandi sakfelldur fyrir kynferðislega misnotkun og dæmdur til eins árs skilorðsbundinnar fangelsisvistar. Hæstiréttur Finnlands synjaði kæranda um heimild til að áfrýja dómnum þann 11. maí 2007.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að þar sem hann naut ekki réttar til að leggja fram spurningar við vitnaleiðslu yfir helsta vitninu í máli ákærvaldsins gegn honum og það sem fram kom í þeim vitnaleiðslum hefði verið helsti grundvöllur sakfellingar hans hefði verið brotið gegn rétti hans til réttlátrar málsmeðferðar samkvæmt 6. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn áréttaði að það væri hvorki í sínum verkahring að ákvarða hvort ákveðin sönnunargögn, til að mynda sönnunargögn sem fengin væru á ólöglegan hátt samkvæmt landslögum, væru nothæf fyrir rétti né væri það hlutverk dómstólsins að segja til um sekt eða sakleysi kæranda. Fyrsta spurningin sem dómstólnum bar að svara var sú hvort málsmeðferðin í heild sinni hefði verið réttlát. Í því skyni varð að líta til þess hvort réttur aðila til að halda uppi vörnum hefði verið virtur, þá sérstaklega réttur hans til að bera bríður á áreiðanleika sönnunargagna og réttur hans til að mótmæla notkun þeirra. Þá varð einnig að taka tillit til gæða sönnunargagnanna, þ.e. hvort þær aðferðir sem notaðar voru við öflun þeirra hefðu rýrt áreiðanleika þeirra.

Dómurinn tók fram að sönnunargögn bæri yfirleitt að færa fram við munnlega málsmeðferð þar sem sakborningur væri viðstaddur og hefði færi á að koma að vörnum. Dómstóllinn benti þó á að þessi regla væri ekki algild, sérstaklega þegar um væri að ræða mál er vörðuðu kynferðislega misnotkun þar sem það gæti verið mjög íþyngjandi fyrir brotþola að rifja upp slíka atburði í viðurvist geranda, einkum ef börn ættu í hlut. Það væri þó vafalaus réttur

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

sakbornings að fá að koma að spurningum til að leggja fyrir vitni. Að mati dómstólsins mætti sakfelling aðila því ekki byggjast eingöngu eða að mestu leyti á vitnisburði sem sakborningur fengi ekki tækifæri til að vefengja.

Kærandi hafði fullyrt að vitnisburður A hefði verið eina beina sönnunargagníð gegn honum. Við mat á þessari staðhæfingu kæranda leit dómstóllinn til þess að bæði undirréttur og áfrýjunardómstóll höfðu byggt niðurstöðu sína, að minnsta kosti að hluta, á upptökunni af vitnisburðinum. Líkt og kærandi benti á var vitnisburður móður drengsins og læknisins S aðeins óbein sönnunarfærsla þar sem þær höfðu ekki orðið vitni að hinni meintu misnotkun. Auk þess voru lögð fyrir dóminn læknisvottorð sem byggðust á læknisskoðun sem fór fram eftir að misnotkunin átti að hafa átt sér stað. Dómstóllinn féllst því á að upptakan af vitnisburði A hefði verið eina beina sönnunargagníð sem sakfelling kæranda hvíldi á.

Önnur spurning sem bar að svara, að mati dómstólsins, var hvort kærandi hefði gefið eftir rétt sinn til að bera upp spurningar við vitnið með því að samþykkja notkun upptökunnar fyrir réttinum. Dómstóllinn tók fram að ekkert í 6. gr. sáttmálans útilokaði að aðilar gæfu af frjálsum vilja eftir rétt sinn til réttlátrar málsmeðferðar. Til þess að slík eftirgjöf réttinda samrýmdist sáttmálanum yrði hún þó að vera ótvíræð og henni þyrftu að fylgja varnaglar í samræmi við þýðingu hennar fyrir málið. Dómstóllinn ítrekaði að áður en skorið væri úr um það hvort kærandi hefði gefið eftir mikilvægan rétt sinn, samkvæmt 6. gr. sáttmálans, þyrfti að sýna fram á að hann hefði séð fyrir afleiðingar þess. Eins og kærandi hafði sjálfur bent á heimilaði hann aðeins að upptakan yrði færð fram sem sönnunargagn eftir að ljóst var að móðir drengsins og lækinnirinn S myndu fá að bera vitni hvað varðaði innihald hennar og vitnaleiðslur yfir drengnum. Því var að mati dómstólsins ekki hægt að fullyrða á grundvelli samþykkis kæranda fyrir því að heimila notkun upptökunnar, að hann hafi beinlínis afsalað rétti sínum til þess að bera fram spurningar fyrir vitnið. Þvert á móti mótmælti kærandi því ætíð fyrir rétti að fá ekki að bera upp spurningar við vitnið og að meðferð í máli hans væri af þeirri ástæðu óréttlát. Dómstóllinn taldi því að kærandi hefði ekki við þessar kringumstæður ótvírætt afsalað sér rétti sínum til réttlátrar málsmeðferðar.

Það var því niðurstaða dómstólsins að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans með hliðsjón af 3. mgr. sömu greinar.

Í samræmi við 41. gr. sáttmálans voru kæranda dæmdar 3.500 evrur í skaðabætur og 6.388 evrur vegna málskostnaðar.

Einn dómari skilaði séráliti.

Sakhnovskiy gegn Rússlandi – Yfirdeild

Dómur frá 2. nóvember 2010

Mál nr. 21272/03

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Endurupptaka máls. Réttur til lögfræðiaðstoðar. Þolandi brots.

1. Málsatvik

Kærandi, Sergey Sakhnovskiy, er rússneskur ríkisborgari, fæddur árið 1979 og afplánar fangelsisdóm fyrir manndráp í Novosibirsk í Rússlandi. Kærandi var handtekinn 30. apríl 2001 vegna gruns um að hafa myrt föður sinn og frænda. Þremur dögum síðar var honum skipaður verjandi. Í desember 2001 var kærandi sakfelldur fyrir manndráp og dæmdur í 18 ára fangelsi. Hann áfrýjaði dómnum í október 2002 en án árangurs. Við meðferð málsins fyrir Hæstarétti Rússlands kom verjandi ekki fram fyrir hönd kæranda en kærandi tók sjálfur þátt með aðstoð fjarfundarbúnaðar. Kærandi óskaði nokkrum sinnum eftir endurupptöku máls síns og var að lokum fallist á það af Hæstarétti Rússlands árið 2007. Enn var kærandi ekki viðstaddur flutning málsins en hann var þá í fangelsi í 3.000 km fjarlægð frá Moskvu. Hann gat þó fylgst með málflutningnum með aðstoð fjarfundarbúnaðar. Þá var honum skipaður verjandi sem hann gat þó aðeins rætt við í 15 mínútur fyrir þinghaldið. Að því samtali loknu neitaði hann að þiggja aðstoð frá verjandanum og vísaði til þess að honum dygði ekki að ræða einvörðungu við verjanda sinn í gegnum fjarfundarbúnað og að mjög skammur tími hefði gefist til undirbúnings þinghaldinu. Þinghaldið fór þó fram og að því afloknu ákvað rétturinn að staðfesta fyrri niðurstöðu sína í málinu um sakfellingu og refsingu kæranda fyrir manndráp.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að málsmeðferðin í máli hans hefði ekki verið réttlát þar sem hann hefði ekki notið virkrar lögfræðiaðstoðar og að hann hefði einungis getað haft samskipti við verjanda sinn með fjarfundarbúnaði við meðferð málsins hjá Hæstarétti Rússlands. Í málinu reyndi einnig á hvort kærandi teldist vera þolandi í skilningi 34. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fyrst til skoðunar hvort kærandi hefði misst stöðu sína sem þolandi brots, í skilningi sáttmálans, eftir að ákveðið var að endurupptaka málið árið 2007. Dómstóllinn tók fram að kærandi kynni að missa stöðu sem þolandi ef viðkomandi stjórnvöld viðurkenndu að þau hefðu brotið gegn réttindum sem vernduð væru í sáttmálanum og gripu til ráðstafana til að rétta hlut viðkomandi. Þessi regla byggðist á því sjónarmiði að aðildarríkin ættu að hafa tækifæri á að bæta fyrir brot sín á sáttmálanum. Engu að síður gætu þau ekki vikið sér undan lögsögu dómstólsins með því einu að endurupptaka mál. Dómstóllinn taldi að endurupptökur mála gætu ekki sjálfkrafa talist vera nægileg viðbrögð aðildarríkis vegna mögulegra brota á sáttmálanum. Meta yrði málsmeðferðina í heild og þar á meðal meðferð máls eftir að það væri tekið upp að nýju. Dómstóllinn hafnaði því jafnframt að rússnesk stjórnvöld hefðu ekki fengið nægilegt tækifæri til að bregðast við kærnum kæranda.

Varðandi það hvort kærandi hefði afsalað sér aðstoð verjanda benti

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

dómstóllinn á að kærandi hefði látið óánægju sína í ljós við meðferð málsins gagnvart hjá Hæstarétti Rússlands árið 2007. Kærandi hefði þá hafnað þeirri aðstoð sem honum bauðst enda taldi hann hana ófullnægjandi. Kærandi hefði hins vegar ekki beðið um annan verjanda eða frestun þinghalds. Dómstóllinn taldi að kærandi hefði ekki með þessu afsalað sér réttinum til að njóta aðstoðar verjanda enda væri hann ólöglerður. Þess vegna væri ekki hægt að túlka framangreint aðgerðaleyfi kæranda sem slíkt afsal.

Dómstóllinn fjallaði því næst um þá spurningu hvort kærandi hefði notið virkrar aðstoðar verjanda. Dómstóllinn tók fram að einstaklingar sem væru sakaðir um að hafa framið refsiverð brot ættu rétt á að vera sjálfir viðstaddir meðferð mála á fyrsta dómstigi en hið sama ætti ekki endilega við á áfrýjunarstigi. Varðandi notkun fjarfundarbúnaðar, með myndsendingu eins og í tilviki máls kæranda, taldi dómstóllinn að slíkt fyrirkomulag bryti ekki í bága við réttinn til réttlátrar málsmeðferðar en fyrirkomulaginu yrði að vera þannig háttað að sakborningur gæti fylgst með málsmeðferðinni, tekið til máls án vandkvæða og átt virk trúnaðarsamskipti við verjanda sinn. Í ljósi þess að þær spurningar sem Hæstiréttur Rússlands þurfti að takast á við í máli kæranda voru verulega flóknar taldi dómstóllinn að nauðsynlegt hefði verið fyrir kæranda að njóta aðstoðar verjanda. Aðstoðin hefði þurft að vera virk en ekki einungis að forminu til. Ljóst væri að ekki hefði verið nægjanlegt að kærandi ætti einvörðungu 15 mínútna samskipti við verjanda sinn rétt áður en þinghald fyrir Hæstarétti Rússlands hófst. Auk þess hefði kærandi átt erfitt með að ræða um mál sitt í gegnum fjarfundarbúnaðinn. Dómstóllinn taldi að þótt það hefði verið tímafrekt og dýrt að flytja kæranda rúmlega 3.000 kílómetra til Moskvu hefði verið hægt að koma málum þannig fyrir að kærandi gæti rætt við verjanda sinn í síma með meiri fyrirvara eða að kærandi hefði getað notið aðstoðar verjanda á þeim stað þar sem hann er í fangelsi. Dómstóllinn taldi að kærandi hefði af þessum sökum ekki notið virkrar lögmannaaðstoðar þegar mál hans var tekið til meðferðar að nýju í nóvember 2007. Brotið hefði verið gegn réttindum hans samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans, sbr. c-lið 3. mgr. 6. gr. hans.

Kæranda voru dæmdar 2.000 evrur í miskabætur og 174 evrur í málskostnað.

Bannikova gegn Rússlandi

Dómur frá 4. nóvember 2010

Mál nr. 18757/06

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Öfun sönnunargagna í sakamáli. Fikniefnabrot. Tálbeita.

1. Málsatvik

Kærandi, Natalya Bannikova, er rússneskur ríkisborgari, fædd árið 1973 og býr í borginni Kúrsk í Rússlandi. Dagana 23. til 27. janúar 2005 átti kærandi nokkur símtöl við S. Í símtölunum ræddu þau um að S myndi útvega henni

kannabisefni sem hún myndi síðan selja. Símtölin voru hleruð og tekin upp af lögreglunni Kærandi og S ræddu þar einnig um fyrri fíkniefnaviðskipti, óseld fíkniefni og mögulega viðskiptavin. Þann 28. janúar færði S kæranda fíkniefni sem þau höfðu rætt um áður í síma. Hún blandaði þeim saman við kannabisefni sem hún hafði þá þegar heima hjá sér.

Sama dag heimilaði yfirmaður lögreglunnar í Kúrsk lögregluaðgerð sem fólst í því að óeinkennisklæddur lögreglumaður, B, hitti kæranda og keypti af henni 4.408 g af kannabis. Notaðir voru merktir peningaseðlar til kaupanna. Viðskiptin voru tekin upp á hljóð- og myndband. Aðgerðinni lauk með því að kærandi var handtekin og fundust merktu peningaseðlarnir í vörslum hennar. Við leit á heimili kæranda fundust 28,6 g af kannabis.

Þann 24. nóvember 2005 var mál kæranda tekið fyrir hjá dómstól í Kúrsk. Kærandi viðurkenndi að hafa aðstoðað lögreglumanninn B til að kaupa fíkniefni. Hún byggði á því að B hefði hvatt hana til að framkvæma afbrotið og að öðrum kosti hefðu hún ekki brotið af sér. Við réttarhöldin hélt kærandi því fram að áðurnefndur S hefði skilið eftir poka með þurrkuðum jurtum á heimili hennar. Nágranni hennar hefði bent henni á að jurtirnar væru kannabisefni. Nokkrum dögum síðar hefði maður að nafni Vladimir haft samband við kæranda en hún hefði ekki þekkt manninn áður. Maðurinn hefði sagst vita að hún ætti „efni“ og að hann gæti komið á stórum viðskiptasamningi við viðskiptavin sem hann þekkti. Kærandi hélt því fram að Vladimir hefði einnig beitt hótunum til að koma viðskiptunum á. Kærandi hefði átt nokkur samtöl við S vegna viðskiptanna. Þann 29. janúar 2005 hefði viðskiptavinurinn, lögreglumaðurinn B, haft samband við kæranda og þau samið um viðskiptin.

S bar vitni við réttarhöldin. Hann bar að kærandi hefði haft samband við sig í október eða nóvember 2004 og að hún hefði stungið upp á að hann útvegaði henni nokkurt magn af kannabisefnum sem hún gæti síðan selt. Hann hefði í þessum tilgangi skorið maríjúana-lauf og þurrkað á háaloftinu heima hjá sér. Kærandi hefði síðan haft samband og spurt hvort efnin væru tilbúin þar sem hún væri með viðskiptavin sem þyrfti á þeim að halda. Þau hefðu komið sér saman um verð fyrir efnin. S bar einnig að kærandi hefði minnst á það í símtölunum að þrýst hefði verið á hana með hótunum til að viðskiptin næðu fram að ganga.

Á grundvelli framburða vitna, símtalsupptaka, lögregluskýrslna, réttar-rannsóknaskýrslna og játningar kæranda að hluta var kærandi sakfelld fyrir að hafa selt kannabisefni til B þann 29. janúar 2005. Hún var einnig sakfelld fyrir að skipuleggja umfangsmikil fíkniefnaviðskipti. Hún var dæmd í fjögurra ára fangelsi. S var sakfelldur fyrir sama brot. Í dóminum var komist að þeirri niðurstöðu að vitnisburður S væri ekki fullnægjandi til sönnunar um hótanir í garð kæranda og væri hann einkum til kominn vegna þess að S hefði með framburði sínum viljað hjálpa kæranda við málsvörn sína.

Kærandi áfrýjaði dómnum og byggði meðal annars á því að sú hvatning sem hún hefði fengið frá yfirvöldum hefði ráðið úrslitum um að hún framdi

brotið. Hún byggði einnig á því að hún hefði ekki haft aðgang að öllum rannsóknargögnum við rannsókn málsins. Þann 24. janúar 2006 hafnaði áfrýjunardómstóll kröfum kæranda.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að sakfelling hennar bryti í bága við réttindi hennar samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans þar sem hún hefði verið hvött til að fremja brotið af lögreglunni. Hún hélt því einnig fram að hún hefði verið hindruð í að bera þetta fyrir sig við réttarhöldin yfir sér þar sem hún hefði ekki fengið aðgang að mikilvægum rannsóknargögnum.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fyrst til skoðunar hvort lögreglumennirnir sem hefðu komið að máli kæranda hefðu verið virkir eða óvirkir í broti hennar Rakið var að samkvæmt framburði kæranda sjálfrar hefði lögreglumaðurinn B fyrst haft samband við hana 29. janúar 2005 vegna fíkniefnaviðskiptanna. Aftur á móti var ljóst að lögreglan átti þá þegar upptökur af samtölum kæranda og S, sem áttu sér stað dagana 23. janúar til 27. janúar 2005 þar sem þau ræddu um viðskiptin. Lögreglumaðurinn B hefði þar af leiðandi ekki tekið þátt í afbrotinu fyrr en það var þegar hafið en ekki verið hvatamaður þess.

Hins vegar gat dómstóllinn ekki slegið því föstu hvort þátttaka Vladimirs hefði verið hluti af lögregluaðgerðinni og ef svo væri hvort hann hefði þrýst á kæranda til að fremja brotið. Dómstóllinn tók fram að hann yrði þess vegna að meta hvort kærandi hefði átt þess kost að bera fram vörn um þetta atriði fyrir rússneskum dómstólum og hvaða umfjöllun vörn hennar hefði hlotið þar fyrir dómi.

Dómstóllinn ítrekaði að rússneskir dómstólar hefðu orðið að taka til skoðunar hvers vegna lögregluaðgerðin var framkvæmd, að hversu miklu leyti lögreglan tók þátt í afbrotinu og hvers eðlis hvatningin eða þvingunin var gagnvart kæranda. Dómstóllinn féllst á með rússneska áfrýjunardómstólnum að ekki hefði verið nauðsynlegt að fá fleiri vitni fyrir dómstólinn eða frekari sönnunargögn. Hægt hefði verið að útiloka að lögreglan hefði hvatt kæranda til afbrotsins á grundvelli þess sem fram kom í samtölum kæranda við S. Þau sýndu greinilega að ásetningur hefði verið fyrir hendi af hálfu kæranda til að stunda fíkniefnaviðskipti áður en lögreglan hafði afskipti af máli hennar.

Dómstóllinn taldi að vörn kæranda hefði fengið nægjanlega umfjöllun fyrir rússneskum dómstólum. Niðurstaðan var sú að rússneskir dómstólar hefðu metið gögnin með fullnægjandi hætti. Ekki hefði verið brotið gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Andersson gegn Svíþjóð

Dómur frá 7. desember 2010

Mál nr. 17202/04

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar

Réttur til munnlegrar málsmeðferðar. Stjórnsýsludómstólar.

1. Málsatvik

Kærandi, Freddie Andersson, er sænskur ríkisborgari, fæddur árið 1930 og búsettur í Svíþjóð. Hann er fyrrum starfsmaður sláturhúss og þjáist af verkjum í baki og mjöðmum. Kæra hans til dómstólsins laut að því ekki hefði farið fram munnlegur málflutningur í meðferð máls hans hjá stjórnsýsludómstóli sem hann höfðaði til heimtu skaðabóta vegna heilsutjóns sem hann varð fyrir vegna starfa sinna.

Forsaga málsins er að í september árið 1996 lagði kærandi inn vinnuslysa-skýrslu hjá tryggingastofnun Stokkhólms þar sem hann hélt því fram að verkir í mjöðmum og mjóbaki væru til komnir af vinnu hans og þar með ætti hann rétt á slysabótum vegna vinnuslyss frá hinu opinbera.

Í ákvörðun sinni frá 13. desember 1996 tók stofnunin fram að kærandi hefði þar til árið 1982 starfað í sláturhúsi í Svíþjóð en þá flutt til Bandaríkjanna og unnið þar við að gera upp vegg. Árið 1988 upplýsti hann stofnunina um að hann væri ekki lengur vinnufær sökum verkja í liðum í mjöðm. Frá júní 1988 fékk hann því greiddan út eftirlaunalífeyri vegna óvinnufærni fyrir aldur fram. Þar sem stofnunin taldi ekki loku fyrir það skotið að kærandi hefði hlotið áðurnefnd meiðsl við vinnu sína í Bandaríkjunum ákvað hún að hafna beiðni hans um slysabætur. Slíkar bætur væru einungis greiddar út fyrir meiðsl sem aðilar hefðu ótvírætt orðið fyrir við vinnu sína í Svíþjóð.

Kærandi skaut ákvörðun stofnunarinnar til stjórnsýsludómstóls Stokkhólms þar sem hann færði rök fyrir að meiðsli hans í mjöðmum og mjóbaki stöfuðu af starfi hans í sláturhúsinu í Svíþjóð en ekki þeirri vinnu sem hann stundaði í Bandaríkjunum. Þessu til stuðnings skilaði hann inn læknisvottorði frá lækni sláturhússins þar sem fram kom að vinna kæranda þar hefði falið í sér að lyfta dýraskrokkum og bera kjötstykki upp og niður stiga og hefði það reynt mikið á bak hans, mjaðmir, hné og ökkla. Þann 15. september 1997 felldi dómstóllinn úr gildi ákvörðun tryggingastofnunar og fól henni að taka mál hans fyrir aftur.

Þegar stofnunin fór yfir mál kæranda að nýju óskaði hún eftir áliti eins af læknum stofnunarinnar á því hvort meiðsli kæranda væru ótvírætt til komin vegna starfa hans í sláturhúsinu eða af öðrum orsökum. Eftir að hafa skoðað sjúkrasögu kæranda skilaði læknirinn inn áliti þar sem hann komst að þeirri niðurstöðu að kærandi þjáðist af liðagigt í mjöðmum og engin læknisfræðileg gögn styddu að slík gigt orsakaðist af störfum hans heldur væri hún einfaldlega til komin vegna aldurs. Þann 14. janúar 1998 hafnaði stofnunin því á ný beiðni

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

kæranda um slysabætur vegna vinnuslyss og byggðist sú ákvörðun að miklu leyti á áliti læknis stofnunarinnar.

Kærandi kærði ákvörðunina til stjórnsludómstóls Stokkhólms þar sem hann lagði fram álitsgerð læknis, sem hafði meðhöndlað hann. Þar kom fram að liðagigt kæranda hefði komið til fyrr en eðlilegt mætti telja auk þess sem slíka gigt væri ekki að finna meðal annarra í fjölskyldu kæranda. Læknirinn taldi auk þess að ekki væri hægt að rekja gigtina til starfa kæranda í Bandaríkjunum heldur stafaði hún fyrst og fremst af störfum hans í sláturhúsinu í Svíþjóð. Stofnunin hafnaði þessum kröfum og taldi ósannað að hægt væri að rekja gigt kæranda til vinnu hans í Svíþjóð.

Í maí 1998 fór kærandi fram á það við stjórnsludómstólinn að munnlegur málflutningur færi fram í máli hans og hann hefði þar með tækifæri til að útskýra nákvæmlega vinnuaðstæður sínar. Dómurinn hafnaði hins vegar þeirri beiðni kæranda þar sem munnlegur málflutningur þótti óþarfur vegna eðlis málsins. Þann 29. júní 1999 hafnaði stjórnsludómstóllinn kröfum kæranda þar sem dómurinn taldi ósannað að rekja mætti meiðsli kæranda til starfa hans í sláturhúsinu í Svíþjóð.

Kærandi áfrýjaði málinu til afrýjunardómstóls stjórnslumála í Stokkhólmi og kvartaði undan því að sér hefði verið neitað um munnlega meðferð málsins þar sem hann hefði getað lýst vinnuaðstæðum sínum og kallað til vitni. Áfrýjunardómstóllinn hafnaði einnig kröfu kæranda um munnlegan málflutning. Þann 24. september 2001 komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að engin gögn væru fyrir hendi sem bentu til þess að ástand kæranda mætti rekja til starfa hans í sláturhúsinu.

Í framhaldi af þessu skaut kærandi málinu til hæstaréttar stjórnslumála þar sem hann bar fyrir sig 6. gr. Mannréttindasáttmálans hvað varðaði höfnun dómstóla á neðri dómstigum um að viðhafa munnlega málsmeðferð í máli hans. Þann 10. nóvember 2003 vísaði rétturinn máli kæranda frá dómi.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi kvartaði undan því að sænska ríkið hefði brotið gegn rétti hans samkvæmt 6. gr. sáttmálans með því að honum hefði verið synjað um munnlega málsmeðferð í máli hans fyrir sænskum dómstólum.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að rétturinn til opinberrar málsmeðferðar fæli í sér rétt til munnlegrar málsmeðferðar nema sérstakar aðstæður væru fyrir hendi sem réttlættu frávik frá því. Þyrfti að skoða það út frá eðli mála hverju sinni hvort hægt væri að víkja frá þeirri meginreglu.

Dómstóllinn áréttaði að þegar munnlegur málflutningur hefði farið fram á fyrsta dómstigi væru ekki sömu kröfur gerðar til dómstóla á efri stigum um

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

að viðhafa munnlega málsmeðferð þar fyrir dómi ef atvik málsins mæltu ekki sérstaklega með því.

Dómstóllinn tók fram að í máli kæranda hefði munnlegur málflutningur ekki farið fram á neinu dómstigi. Ekki væri heldur hægt að líta svo á að kærandi hefði gefið frá sér rétt sinn til munnlegrar málsmeðferðar samkvæmt 6. gr. sáttmálans. Þvert á móti hafði kærandi þegar á fyrsta dómstigi farið fram á það að mál hans yrði tekið til munnlegrar málsmeðferðar. Kærandi fór auk þess fram á það á æðri dómstigum að munnlegur málflutningur færi fram í máli hans til þess að honum gæfist færi á að koma sjónarmiðum sínum betur á framfæri. Á öllum þremur dómstigum var kröfum kæranda hins vegar hafnað. Dómstóllinn þurfti því að meta hvort þessi ákvörðun landsdómstólanna hefði réttlæst af sérstöku eðli máls kæranda.

Dómstóllinn tók fram að oftast væru mál aðeins flutt skriflega fyrir sænskum stjórnarsýsludómstólum. Samkvæmt stjórnarsýsluréttarfararslökkjöf landsins átti þó að taka mál fyrir munnlega ef aðilar óskuðu sérstaklega eftir því og ef slíkt væri að mati dómstólanna ekki óþarft. Að þessu leyti væri sænska löggjöfin frábrugðin þeirri reglu sem dómstóllinn hefði mótað, þ.e. að munnleg málsmeðferð fyrir dómi skyldi ávallt vera meginreglan nema sérstakar ástæður réttlættu frávik. Dómstóllinn ítrekaði að aðildarríkjum bæri að hlíta viðmiðum sáttmálans að þessu leyti.

Dómstóllinn benti á að kærandi lagði fram ýmis gögn í málinu með upplýsingum sem gengju þvert á niðurstöður gagna og skýrslna sem sænska tryggingastofnunin hefði byggt ákvörðun sína á. Það lá því ekki skýrt fyrir í málinu hverjar væru orsakir heilsutjóns kæranda. Dómstóllinn féllst ekki á þær málsástæður sænska ríkisins að vitnaleiðslur yfir læknum kæranda hefðu ekki getað varpað frekari ljósi á málið. Þvert á móti hefðu þær getað upplýst dóminn frekar um álit þeirra og forsendur fyrir niðurstöðum þeirra. Auk þess hefði kærandi sjálfur getað skýrt nánar frá vinnuaðstæðum sínum bæði í sláturhúsinu í Svíþjóð sem og í Bandaríkjunum. Þetta hefði að mati dómstólsins verið nauðsynlegt til að upplýsa málið fyllilega. Niðurstaða dómstólsins var því sú að sænska ríkið hefði með þessu brotið gegn rétti kæranda samkvæmt 6. gr. sáttmálans.

Á grundvelli 41. gr. sáttmálans var sænska ríkinu gert að greiða kæranda 3.000 evrur í miskabætur og 2.500 evrur vegna málskostnaðar.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Neulinger og Shuruk gegn Sviss – Yfirdeild

Dómur frá 6. júlí 2010

Mál nr. 41615/07

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Börn. Forsjá. Haagsamningur um brottám barna.

1. Málsvik

Kærendur, Isabelle Neulinger (I) og sonur hennar Noam Shuruk (N), eru svissneskir ríkisborgarar, I er fædd árið 1959 og N árið 2003. Þau búa í Lausanne í Sviss. Forsaga málsins er sú að árið 1999 settist I að í Ísrael. Árið 2001 giftist hún Shai Shuruk (S). Þau eignuðust soninn N í Tel Aviv árið 2003. I og S slitu síðar samvistum. I óttaðist að S tæki N, son þeirra, frá sér og flyttist með hann í tiltekið samfélag strangtrúaðra gyðinga. Fjölskyldudómstóll í Tel Aviv lagði árið 2004 bann við því að N yrði fluttur úr landi og að bannið skyldi gilda þar til hann yrði lögráða. I fékk tímabundna forsjá N en báðir foreldrarir áttu að hafa umsjón með uppeldi hans. Síðar var umgengnisréttur föðursins takmarkaður vegna ógnandi hegðunar hans gagnvart I og N.

Í febrúar 2005 fengu I og S lögskilnað. Í júní sama ár flutti I leynilega úr landi með son sinn til Sviss. Þann 30. maí 2006 komst fjölskyldudómstóll í Tel Aviv að þeirri niðurstöðu að I hefði ekki verið heimilt að flytja með son sinn úr landi og vísaði til fyrri úrskurðar frá árinu 2004. Dómstóllinn taldi að I hefði brotið gegn 3. gr. Haagsamningsins um brottám barna og lögum settum til að framfylgja þeim.

S krafðist þess á grundvelli samningsins að N yrði skilað til Ísraels. Svissneskur dómstóll hafnaði kröfu hans 29. ágúst 2006. Niðurstaðan byggðist á því mati dómstólsins að veruleg hættu væri á að hann yrði fyrir andlegum og líkamlegum skaða ef hann sneri aftur til Ísraels í skilningi undantekningarreglu b-liðar 13. gr. Haag-samningsins. Áfrýjunardómstóll staðfesti niðurstöðuna og taldi að atvik málsins féllu undir nefnda reglu. Hinn 16. ágúst 2007 komst Hæstiréttur Sviss að gagnstæðri niðurstöðu og mælti fyrir um að I bæri að snúa aftur með N til Ísraels.

Kærendur skutu málinu til Mannréttindadómstóls Evrópu í febrúar 2009. Kærunni fylgdi vottorð læknis sem hafði skoðað N árið 2005 og nokkrum sinnum eftir það. Í vottorðinu kom fram að ef N yrði gert að snúa aftur til Ísraels og hann skilinn frá móður sinni yrði hann fyrir verulegu áfalli og sálrænum röskunum. Undirréttur í Sviss tók hinn 29. júní 2009 bráðabirgðaákvörðun um að N skyldi búa hjá móður sinni í Sviss og svipti S umgengnisrétti.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandur reistu málatilbúnað sinn einkum á 8. gr. sáttmálans og vísuðu til þess að réttur þeirra beggja til fjölskyldulífs yrði skertur án viðhlítandi ástæðu ef N yrði gert að snúa aftur til Ísraels. Deild í Mannréttindadómstólnum kvað upp dóm í málinu 8. janúar 2009 og komst að þeirri niðurstöðu, með fjórum atkvæðum gegn þremur, að ekki hefði verið brotið gegn 8. gr. sáttmálans með niðurstöðu Hæstaréttar Sviss. Þann 5. júní 2009 var málinu vísað til yfirdeildar dómstólsins að beiðni kæranda.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að flutningur I á N frá Ísrael hefði falið í sér ólögmætt brott nám barns í skilningi Haagsamningsins og af þeim sökum hefði ákvörðun Hæstaréttar Sviss um að N bæri að snúa aftur til Ísraels verið reist á lögum. Jafnframt hefði sú aðgerð stefnt að lögmætu markmiði sem hefði verið að tryggja réttindi N og S.

Dómstóllinn tók fram að þegar hagsmunir aðila í málinu væru vegnir og metnir yrði fyrst og fremst að leggja áherslu á hagsmuni barnsins. Hagsmunir þess væru bæði að tryggja samband þess við foreldra sína en jafnframt að uppeldi þess færi fram í traustu og áreiðanlegu umhverfi. Þessir hagsmunir lægju Haagsamningnum til grundvallar en hann kvæði á um að skila bæri barni, sem væri numið á brott, nema alvarleg hætta væri á að skil barns myndu leiða til líkamlegs eða andlegs tjóns fyrir það. Dómstóllinn tók fram að það væri ekki hlutverk Mannréttindadómstólsins að meta hvort N ætti á hættu að verða fyrir slíku tjóni ef hann sneri aftur til Ísraels heldur fremur að meta hvort dómstólar aðildarríkisins hefðu virt réttindi 8. gr. sáttmálans og þá sérstaklega hvort tekið hefði verið tillit til þess hvað væri barninu fyrir bestu. Dómstóllinn tók fram í þessu samhengi að svissneskir dómstólar hefðu ekki verið samhljóða í niðurstöðum sínum.

Dómstóllinn taldi að í máli kæranda hefði niðurstaða Hæstaréttar Sviss um að N bæri að snúa aftur til Ísraels verið innan þess svigrúms sem aðildarríki sáttmálans hafa til mats í slíkum málum. Engu að síður gæti dómurinn, sem kveðinn var upp svo löngu eftir brott nám barns frá Ísrael, grafið undan þeim grunnrökum sem byggju að baki Haagsamningnum en í því samhengi yrði að hafa í huga að sá samningur væri í raun og veru samningur um málsmeðferð en ekki mannréttindi. Enn fremur yrði að athuga að barni yrði ekki vísað til baka til þess lands sem það var numið á brott frá ef það hefði aðlagast stöðugu nýju umhverfi. Dómstóllinn rakti að N hefði svissneskan ríkisborgararétt og hefði komið til landsins þegar hann var einungis tveggja ára gamall. Kærandur bentu á að honum liði vel í Sviss, hann hefði sótt leikskóla þar auk þess sem hann hefði verið í dagvistun sem byggðist á gyðinglegum hefðum. Hann væri í svissneskum grunnskóla og talaði frönsku. N væri orðinn sjö ára gamall. Undirdeild

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

dómstólsins hafði talið að hann hefði ákveðna möguleika á að aðlaga sig nýju umhverfi en yfirdeildin benti á að ef umhverfi hans yrði breytt á ný gæti það haft alvarlegar afleiðingar.

Í niðurstöðu dómstólsins var jafnframt vísað til þess að umgengnisréttur föðursins hefði alveg frá upphafi forræðisdeilunnar verið takmarkaður og að faðir N hefði gíft aftur en skilið fáeinum mánuðum síðar. Síðari eiginkona föður N hefði í kjölfarið höfðað mál og byggt á því að S hefði ekki staðið skil á lífeyri til hennar. Dómstóllinn dró í efa að slíkar kringumstæður gætu stuðlað að góðum uppeldisaðstæðum fyrir N.

Fyrir lá að ísraelsk stjórnvöld höfðu lýst því yfir að I ætti ekki á hættu á að vera ákærð fyrir brottám N frá Ísrael og hafði verið lögð áhersla á þetta atriði í niðurstöðu undirdeildar hjá dómstólnum. Yfirdeildin taldi aftur á móti að þessi yfirlýsing væri háð mörgum nánar tilgreindum skilyrðum og að þess vegna væri ekki hægt að útiloka að I myndi þurfa að svara til saka fyrir ísraelskum dómstólum. Slík niðurstaða, og hugsanleg fangelsun móðurinnar, gæti ekki verið til hagsbóta fyrir N. Vafi væri á að S gæti búið syni sínum fullnægjandi uppeldisaðstæður enda hefði hann ekki séð son sinn í langan tíma, hegðun hans orkaði tvímælis og hann hefði takmörkuð fjárráð. Dómstóllinn taldi af þessum sökum að afstaða I um að neita að fara til Ísrael væri ekki með öllu óréttlæt看anleg.

Í ljósi alls ofangreinds taldi dómstóllinn að ekki væri ljóst að það væri best fyrir hagsmunum N að senda hann aftur til Ísraels. Hvað varðaði móður hans taldi dómstóllinn að hagsmunir hennar yrðu skertir um of ef henni yrði gert að snúa til Ísraels. Af þessum sökum komust sextán dómendur af sautján að þeirri niðurstöðu að brotið yrði gegn 8. gr. sáttmálans, hvað varðaði báða kærendur, ef ákvörðun æðsta dómstóls Sviss yrði fullnægð.

Sviss var gert að greiða kærendum 15 þúsund evrur í málskostnað.

Grönmark gegn Finnlandi og Backlund gegn Finnlandi

Dómar frá 6. júlí 2010

Mál nr. 17038/04 og nr. 36498/05

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Faðernismál. Málshöfðunarfrestir.

1. Málsatvik

Kærendur eru finnskir ríkisborgarar sem fæddust utan hjónabands. Maarit Grönmark árið 1968 og Sven Backlund árið 1937. Finnskir dómstólar höfðu kröfum þeirra um að faðerni þeirra yrði viðurkennt með vísan til laga sem kváðu á um að faðernismál barna sem fæddust áður en lögin tóku gildi árið 1976 hefði þurft að höfðað fyrir árið 1981. Lögin mæltu einnig fyrir um að ekki væri hægt að höfðað mál til viðurkenningar á faðerni eftir að meintur faðir væri látinn. Af þessum sökum gátu kærendur ekki fengið viðurkenningu á faðerni sínu.

Faðir Maarit Grönmark hafði greitt meðlag með henni þar til hún varð lögráða. Bæði Maarit og móðir hennar höfðu af þessum sökum talið að faðernið hefði í raun verið viðurkennt að lögum. Maarit komst hins vegar að því þegar faðir hennar, R.J., lést árið 1999 að svo var ekki. DNA-próf sýndi að 99,8% líkur voru á að Maari væri barn R.J. Engu að síður var faðernismáli hennar vísað frá finnskum dómstólum með vísan til þess að málshöfðunarfrestur var liðinn. Hæstiréttur Finnlands staðfesti niðurstöðuna í nóvember 2003.

Í maí 2002 höfðaði Sven Backlund dómsmál til að fá viðurkennt að N.S. væri faðir hans. DNA-próf sýndi að 99,4% líkur voru á að svo væri. Dómstólar vísuðu kröfunni frá með vísan til þess að málshöfðunarfrestur var liðinn. Hæstiréttur Finnlands hafnaði áfrýjunarbeiðni Sven árið 2005.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandur héldu því fram að málshöfðunarfrestur sem mælt var fyrir um í lögunum frá 1976 bryti gegn réttindum þeirra samkvæmt 8. gr. sáttmálans. Þeim væri ekki mögulegt að fá faðerni þeirra viðurkennt þrátt fyrir skýrar niðurstöður DNA-prófa.

Niðurstaða

Dómstóllinn rakti að hann hefði áður fallist á að heimilt væri að setja fresti til að höfða faðernismál enda tryggðu slíkar takmarkanir ákveðna lagalegu vissu og festu í fjölskyldumálefnum. Hann benti einnig á að ekki væru samræmdar reglur í aðildarríkjum hvað þetta atriði varðaði, en lagaleg þróun væri í þá átt að taka meira tillit til réttinda barna til að fá viðurkenningu á því hverjir foreldrar þeirra væru. Finnsku lögin tækju tillit til hagsmuna þeirra barna sem ættu feður sem hefðu gengist við faðerni sínu eftir gildistöku laganna og þeirra sem hefðu náð að höfða mál innan málshöfðunarfresta eldri laga. Dómstóllinn benti á að Maarit Grönmark hefði ekki verið mögulegt að höfða mál enda hefði hún verið mjög ung að árum þegar málshöfðunarfrestur rann út. Dómstóllinn taldi að Sven Backlund hefði verið nægilega gamall til að geta höfðað slík mál en taldi frestinn hafa verið afar skamman í ljósi þeirra erfiðleika sem fólk á þeim tíma stóð frammi fyrir ef það vildi sýna fram á faðerni sitt.

Enn fremur benti dómstóllinn á að skilyrði finnskra laga væru ósveigjanleg þrátt fyrir þau traustu sönnunargögn sem lágu fyrir í málum kæranda sem voru niðurstöður DNA-prófa. Engin lagaleg úrræði væru til staðar fyrir kærandur fyrst málshöfðunarfrestur laganna frá 1976 væri liðinn. Dómstóllinn taldi að fortakslaus beiting finnskra dómstóla á lögunum frá 1976, óháð kringumstæðum í hverju máli, bryti gegn réttindum kæranda samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Kærendum voru dæmdar 6 þúsund evrur í miskabætur.

Uzun gegn Þýskalandi

Dómur frá 2. september 2010

Mál nr. 35623/05

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi.

Sakamál. Öflun sönnunargagna. Rannsóknaraðferðir lögreglu.

1. Málsatvik

Kærandi, Bernhard Uzun, er þýskur ríkisborgari, fæddur 1967 og búsettur í Mönchengladbach í Þýskalandi.

Í október 1995 hóf saksóknari rannsókn vegna gruns um að kærandi og meintur vitorðsmaður hans hefðu tekið þátt í sprengjutilræði sem tiltekin vinstri sinnuð öfgasamtök, sem þeir voru í, stóðu að.

Við rannsókn málsins var m.a. komið á kerfisbundnu eftirliti með kæranda, myndbandseftirliti af inngangi heimilis hans og símhlerunum auk þess að komið var fyrir senditækjum í bíl vitorðsmanns hans sem þeir notuðu oft saman. Eftir að mennirnir tveir höfðu fundið og eyðilagt senditæki og í ljósi þess að þeir létu hjá líða að tala saman í síma, mælti saksóknari fyrir um að fylgjast skyldi með mönnunum með GPS-staðsetningarkerfi. Lögreglan kom því fyrir GPS-sendi í bíl vitorðsmanns kæranda í desember 1995. Lögregla gat með þessu móti fylgst með ferðum mannanna tveggja þar til þeir voru báðir handteknir í febrúar 1996.

Við meðferð sakamálsins fyrir þýskum dómstólum fullyrti kærandi m.a. að öflun sönnunargagna með GPS-kerfi hefði verið ólöglegt, þar sem dómsúrskurð hefði þurft til hennar, en því höfnuðu þýskir dómstólar og töldu að lagaheimild væri fyrir þessari gagnaöflun í réttarfarslöggjöf Þýskalands.

Í september 1999 var kærandi dæmdur til 13 ára fangelsisvistar fyrir tilraun til manndráps og fjögur sprengjutilræði. Rétturinn taldi sannað að kærandi og vitorðsmaður hans hefðu komið fyrir sprengjum fyrir framan heimili þingmanna og fyrir utan ræðismannsskrifstofu. Meðal sönnunargagna í málinu voru gögn fengin með notkun GPS-staðsetningarkerfisins, en þau gögn fengu einnig stuðning af öðrum gögnum og upplýsingum sem aflað hafði verið við rannsókn málsins. Kærandi áfrýjaði niðurstöðunni og kvartaði sérstaklega yfir notkun sönnunargagna sem fengust með GPS-staðsetningarkerfinu. Í janúar 2001 vísaði Hæstiréttur Þýskalands áfrýjun hans frá.

Kærandi bar málið undir Stjórnlagadómstól Þýskalands sem vísaði málinu frá í apríl 2005. Í frávísuninni var tekið fram að röskun á rétti kæranda til friðhelgi einkalífs með notkun GPS-staðsetningarkerfis hefði verið réttlætanager og í samræmi við alvarleika þeirra brota sem hann var sakaður um. Kæranda hefði auk þess tekist að koma í veg fyrir að aðrar rannsóknaraðferðir skiluðu tilætluðum árangri. Þar kom jafnframt fram að fyrir hendi væru fullnægjandi réttarfarsúræði til að koma í veg fyrir að hægt væri að misnota eftirlit sem þetta. Það væri hins vegar löggjafans að gæta þess í ljósi frekari tækniþróunar

að varnaglar væru nægjanlegir í lögum til að tryggja grundvallarréttindi manna og koma í veg fyrir óleyfilegar rannsóknaraðferðir af hálfu yfirvalda.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að eftirlit með honum með GPS-staðsetningarkerfi og notkun gagna sem fengust með því í sakamáli gegn honum hefði brotið gegn friðhelgi einkalífs samkvæmt 8. gr. sáttmálans. Þar sem gögn sem fengust með þessum hætti höfðu verið lykilgögn til stuðnings sakfellingu hans taldi hann að brotið hefði verið gegn rétti hans til réttlátrar málsmeðferðar í skilningi 6. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að þó svo að rannsakendur hefðu komið fyrir GPS-sendinum í bíl í eigu þriðja manns, vitorðsmanns kæranda, hefði markmið þeirra augljóslega verið að afla upplýsinga um þá báða, enda var ljóst að mennirnir tveir notuðu bílinn í sameiningu. Önnur gögn sem aflað var sýndu að upplýsingar um ferðir bílsins tengdust kæranda. Þar að auki hafði enginn landsdómstólanna lýst yfir neinum vafa um að eftirlitið hefði beinst að kæranda.

Yfirvöld höfðu kerfisbundið safnað saman gögnum um staðsetningu og ferðir kæranda á almannafæri. Þau höfðu notfært sér þessi gögn til að setja saman heildstæða mynd af ferðahögum hans og sem grunn að frekari rannsókn með það að markmiði að afla frekari sönnunargagna á þeim stöðum sem hann hafði farið um. Þessi gögn voru síðar notuð í máli gegn honum. Dómstóllinn taldi þetta nægja til staðfestingar á því að GPS-eftirlit með kæranda hefði falið í sér skerðingu á rétti hans til friðhelgi einkalífs samkvæmt 1. mgr. 8. gr. sáttmálans.

Við mat á því hvort skerðingin hefði samrýmst lögum tók dómstóllinn fram að eftirlitið hefði átt stoð í þýsku réttarfarslöggjöfinni. Dómstóllinn undirstrikaði að greinarmunur væri á GPS-eftirliti með ferðum manna á almannafæri og öðrum rannsóknaraðferðum svo sem hlerunum og myndavéla-eftirliti. Hið fyrrnefnda leiddi aðeins í ljós takmarkaðar upplýsingar en gæfi ekki skýra mynd af atferli, skoðunum og tilfinningum þeirra sem sættu eftirlitinu og raskaði þar með síður friðhelgi einkalífs þeirra. Dómstóllinn taldi af þeim sökum að ekki væri nauðsynlegt að hafa uppi jafn stranga varnagla við GPS-eftirliti og áttu við um símhlaranir, svo sem um nauðsyn þess að afmarka nákvæmlega tímamörk eftirlitsins og aðferðir við að nota og geyma þau gögn sem söfnuðust.

Dómstóllinn taldi að sú niðurstaða þýskra dómstóla að GPS-eftirlit félli undir landslög hefði verið fyrirsjáanleg þar sem viðkomandi ákvæði heimiluðu að notast væri við tæknilegar aðferðir, þá sér í lagi til að komast að dvalarstað meints brotamanns. Landslög settu auk þess strangar skorður við notkun

GPS-eftirlits og það væri aðeins heimilað þegar aðili væri grunaður um alvarleg brot.

Dómstóllinn benti á að þýskum lögum hafði verið breytt eftir að mál kæranda kom upp með það að markmiði að styrkja vernd friðhelgi einkalífs þeirra sem grunaðir væru um refsiverðan verknad en eftir breytinguna þyrfti dómsúrskurð til að hægt væri að fylgjast kerfisbundið með aðila lengur en einn mánuð. Þess bæri þó að geta að fyrir lagabreytinguna hefði GPS-eftirlit verið undir eftirliti dómstóla. Dómstóllinn taldi að endurskoðunarvald dómstóla á GPS-eftirliti með kæranda hefði verið nægjanleg vörn gegn meintum geðþótta-ákvörðunum yfirvalda í þessu máli. Endurskoðunarvald dómstóla kom í veg fyrir að gögn sem fengin væru með ólögmaetu GPS-eftirliti yrðu lögð fram fyrir rétti í sakamáli og teldist það mikilvæg varúðarráðstöfun sem ætti að koma í veg fyrir að rannsakendur öfluðu gagna á ólögmatan hátt. Dómstóllinn ályktaði að röskun á friðhelgi einkalífs kæranda hefði því verið í samræmi við lög.

Dómstóllinn tók fram að GPS-eftirlit með kæranda hefði verið fyrirskipað vegna rannsóknar á fjölda hryðjuverka sem hryðjuverkasamtök höfðu lýst á hendur sér og til að koma í veg fyrir frekari sprengjutilræði. Það voru því sjónarmið um öryggi ríkisins, almannaoöryggi og vernd mannlífa sem réðu för. Eftirlitið var heimilað eftir að aðrar vægari rannsóknaraðferðir höfðu verið reyndar til þrautar og það stóð yfir í tiltölulega skamman tíma, þ.e. þrjá mánuði. Auk þess náði eftirlitið aðeins til kæranda þegar hann ferðaðist í bíl vitorðsmanns síns. Ekki væri því hægt að leggja til grundvallar að kærandi hefði verið undir stöðugu og alhliða eftirliti. Þar sem rannsóknin beindist að mjög alvarlegum glæpum komst dómstóllinn að því að meðalhófs hefði verið gætt þegar ákvörðun um notkun GPS-eftirlits var tekin.

Dómstóllinn komst einróma að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið brotið gegn réttindum kæranda samkvæmt 8. gr. sáttmálans. Í ljósi þeirrar niðurstöðu þóttu ekki efni til að fjalla um málið í ljósi 6. gr. sáttmálans.

Konstantin Markin gegn Rússlandi

Dómur frá 7. október 2010

Mál nr. 30078/06

Sjá reifun dómsins undir 14. gr.

Hermann. Foreldraorlof. Mismunun vegna kynferðis.

Aune gegn Noregi

Dómur frá 28. október 2010

Mál nr. 52502/07

8. gr. Réttur til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Börn. Aðgerðir barnaverndaryfirvalda. Ættleiðing.

1. Málsatvik

Kærandi, Lise Aune, er norskur ríkisborgari, fædd árið 1976 og býr í Stjördal í Noregi.

Sonur hennar, A, fæddist í febrúar árið 1998 og var komið fyrir í föstri í ágúst 1998, fyrst til bráðabirgða en varanlega frá desember 1998. Fyrir lá að á fyrsta ári hafði A orðið fyrir ótilhlýðilegri meðferð foreldra sinna. Þannig var hann í júlí 1998 fluttur meðvitundarlaus á sjúkrahús og reyndist með heila-blæðingu. Við skoðun fannst vökvi inni á heila og þurfti hann gangast undir aðgerð.

Hinn 25. apríl 2005 fengu fósturforeldrar A leyfi til að ættleiða hann. Sú ákvörðun var að lokum staðfest í Hæstarétti Noregs 20. apríl 2007.

Hæstiréttur Noregs taldi að öll skilyrði samkvæmt nánar tilgreindu ákvæði norsku barnaverndarlaganna frá 1992 hefðu verið uppfyllt. Þannig hefðu fósturforeldrarnir sýnt fram á að þau væru hæf til að ala A upp eins og sitt eigið barn, A hafði myndað tengsl við fósturforeldra sína og dómkvaddur matsmaður hafði komist að þeirri niðurstöðu að þrátt fyrir jákvæða þróun á aðstæðum kæranda gæti hún ekki veitt A viðunandi umönnun. Talið var að A væri enn viðkvæmur og að hann hefði þurft á að halda staðfestingu þess að hann myndi búa áfram hjá fósturforeldrunum. Þörf hans fyrir tilfinningalegt öryggi myndi líklega aukast þegar hann yrði eldri og áttaði sig á að báðir foreldrar hans hefðu verið mjög háðir fíkniefnum og að hann hefði hlotið slæma meðferð í æsku. Rétturinn taldi sig heldur ekki getað litið framhjá þeirri staðreynd að líffræðileg fjölskylda A hefði haft uppi mótmæli við því að honum yrði komið fyrir í föstri og þá sérstaklega faðir kæranda, og sambýliskona hans, sem hefðu tekið að sér hálfbróður A, þ.e. son kæranda, og töldu að ekki ætti að skilja þá bræður að.

Ennfremur lagði Hæstiréttur Noregs á það áherslu að fósturforeldrar A höfðu stuðlað að sambandi við líffræðilega fjölskyldu hans langt umfram það sem hún átti rétt til. Ekki léki því vafi á vilja fósturforeldranna til að heimila að samskipti þeirra myndu halda áfram.

Við uppkvaðningu dóms Mannréttindadómstólsins lá fyrir að A, sem var þá 12 ára gamall, hafði verið í föstri nánast allt sitt líf og einungis búið hjá kæranda fyrstu sex mánuði ævinnar. Næstu fimm ár á eftir hittust þau í sex skipti. Á árunum 2003 til 2009 hittust þau um einu sinni til tvisvar á ári.

Óumdeilt var að kærandi hefði dvalið á meðferðarstofnunum nokkrum sinnum frá árinu 2000. Eftir meðferð haustið 2005 hefði hún verið allsgáð. Hún hefur sett á fót fyrirtæki og hyggt hefja nám.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að brotið hefði verið gegn rétti hennar samkvæmt 8. gr. sáttmálans með því að Hæstiréttur Noregs hefði svipt hana lagalegum rétti hennar sem foreldri og heimilað ættleiðingu sonar hennar til fósturforeldra.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að afskipti yfirvalda af fjölskyldulífi kæranda hefðu átt stoð í barnaverndarlögum og að þau hefðu þjónað þeim tilgangi að vernda hagsmuni sonar hennar.

Álitaefnið fyrir dómstólnum var hvort nauðsynlegt hefði verið að grípa til þungbærari aðgerða en fósturs, þ.e. að heimila ættleiðingu með þeim afleiðingum að lagaleg tengsl A við foreldra hans rofnuðu.

Dómstóllinn tók fram að ættleiðingu gegn vilja foreldra mætti aðeins heimila við mjög sérstakar aðstæður. Dómstóllinn taldi að slíkar aðstæður hefðu verið fyrir hendi í þessu máli. Hann benti á að kærandi hefði ekki vefengt það mat norskra dómstóla að kjörforeldrarnir væru vel hæfir til að annast um son hennar og að sonurinn hefði bundist þeim böndum. Jafnframt hefði ekkert komið í ljós fyrir dómstólnum sem leitt gæti til annarrar niðurstöðu en Hæstiréttur Noregs komst að um að kærandi væri ófær um að annast son sinn með fullnægjandi hætti.

Tekið var fram að A hefði engin raunveruleg tengsl við líffræðilega foreldra sína og félagsleg tengsl milli hans og kæranda hefðu verið mjög takmörkuð. Þetta hefði áhrif á það hversu ríka vernd ætti að veita rétti hennar til friðhelgi einkalífs, sbr. 1. mgr. 8. gr. sáttmálans, og þegar metið væri hversu mikið inngrip í fjölskyldulíf hennar væri heimilað á grundvelli 2. mgr. 8. gr. sáttmálans. Sérstaklega reyndi í því samhengi á þörf A fyrir öryggi sem myndi án nokkurs vafa aukast með tímanum. Af gögnum málsins mætti sjá að enn væri spennan á milli aðstandenda A, þ.e. kjörforeldranna annars vegar og líffræðilegrar fjölskyldu hins vegar, sem gætu raskað öryggi A og jafnvægi í náinni framtíð. Ættleiðing A myndi vega upp á móti slíkum átökum og koma festu á stöðu hans.

Hvað varðaði efasemdir kæranda um það hvort kjörforeldrarnir myndu leyfa samband hennar við A eftir ættleiðingu leit dómstóllinn til þess að eftir að Hæstiréttur Noregs hefði kveðið upp sinn dóm hefði fjöldi leyfðra heimsókna haldist sá sami sem staðfesti greinilega að norskir dómstólar hefðu metið rétt vel- og samstarfsvilja þeirra. Ættleiðingin hefði þannig ekki komið í veg fyrir að kærandi héldi sambandi við A.

Dómstóllinn komst einróma að þeirri niðurstöðu að sú ákvörðun að svipta kæranda réttindum hennar sem foreldri gagnvart A og að heimila ættleiðingu A hefði verið studd nægilega gildum rökum og að meðalhófs hefði verið gætt miðað við það markmið sem stefnt var að, sem var að vernda hagsmuni A.

Í samræmi við framangreint var ekki talið að norska ríkið hefði brotið gegn 8. gr. sáttmálans.

Gillberg gegn Svíþjóð

Dómur frá 2. nóvember 2010

Mál nr. 41723/06

Sjá reifun dómsins undir 10. gr.

Skylda til að afhenda gögn. Rannsóknargögn í háskóla.

A, B og C gegn Írlandi - Yfirdeild

Dómur frá 16. desember 2010

Mál nr. 25579/05

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Réttur til fóstureyðingar.

1. Málsatvik

Kærendur eru þrjár konur búsettar á Írlandi, tvær þeirra eru írskir ríkisborgarar og ein er litháískur ríkisborgari. Þær ferðuðust til Bretlands árið 2005 til þess að gangast undir fóstureyðingu.

Kærandi A er ógift, atvinnulaus og býr í mikilli fátækt. Hún hafði áður eignast fjögur börn sem öll voru tekin í fóstur. Hún er fyrrum alkóhólisti og glímir við þunglyndi. Hún ákvað að fara í fóstureyðingu þar sem hún vildi með því auka líkur á að sameina fjölskyldu sína á ný. Hún greiddi sjálf fyrir fóstureyðingu á einkarekinni læknastofu í Bretlandi, eftir að hafa fengið lánað til þess fé frá lánaþyrirtæki.

Kærandi B taldi sig ekki reiðubúna að verða einstæð móðir. Þó svo að upprunalega hafi hún óttast að kvillar kynnu að koma upp á meðgöngu þá gerði hún sér grein fyrir því að til þeirra hafði ekki komið áður en hún fór til Bretlands í fóstureyðingu.

Kærandi C var á batavegi eftir að hafa þjáðst af krabbameini. Hún þurfti að fá frekari lækni meðferð sem talin er varhugaverð meðan á þungun stæði. Þegar hún komst að því að hún væri þunguð óttaðist hún að krabbameinið tæki sig upp aftur og einnig að heilsu fóstursins væri stefnt í hættu vegna lækni meðferðarinnar. Hún ákvað því að fara í fóstureyðingu í Bretlandi.

Á Írlandi eru fóstureyðingar refsiverðar samkvæmt ákvæðum hegningarlaga landsins frá 1861 en samkvæmt þeim er refsing við því að stuðla að fósturláti allt að lífstíðarfangelsi. Með áttunda viðauka við stjórnarskrá Írlands sem var samþykktur árið 1983 var lýst rétti ófædds barns til lífs, en þó að teknu tilliti til sambærilegs réttar tilvonandi móður. Tekið var fram að vernda bæri þennan rétt með lögum.

Í máli sem Hæstiréttur Írlands dæmdi árið 1992 varð niðurstaðan að fóstureyðingar væru löglegar á Írlandi ef lífi móður væri ógnað vegna meðgöngunnar. Í sambærilegum dómum, er gengu síðar, átöldu írskir dómstólar að ekki hefðu verið sett lög sem tryggðu þennan stjórnarskrárvarða rétt. Árið 1992 var samþykktur þrettándi viðauki við írsku stjórnarskrána en með honum var aflétt banni við því að ferðast til annarra landa í þeim tilgangi að gangast undir fóstureyðingu auk þess sem heimilað var að dreifa upplýsingum um stofur sem framkvæmdu fóstureyðingar löglega utan Írlands.

Fyrstu tveir kærendurnir, A og B, héldu því fram að ómögulegt hefði verið fyrir þær að fara í fóstureyðingu heima fyrir þar sem írsk lög heimiluðu aðeins fóstureyðingu í tilvikum þar sem lífi móður er stefnt í hættu en ekki sökum heilsufars eða annarra ástæðna. Þriðji kærandinn, C, áréttaði að þó svo að hún

hafi talið líf sitt vera í hættu væru engin lög eða málsmeðferð til staðar sem færðu henni raunhæfa möguleika á að fara í fóstureyðingu á Írlandi.

Kærendur héldu því jafnframt fram að þeir hefðu þjáðst af ýmsum fylgikvillum aðgerðanna eftir komu sína heim til Írlands.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Allir þrír kærendur tóku fram að vegna þess að ómögulegt væri að fara í fóstureyðingu á Írlandi væru aðgerðirnar óþarflega dýrar, ferlið að baki þeim flókið og að þeim hefðu fylgt ýmsar óþægilegar afleiðingar. Þær tóku sérstaklega fram að bannið hefði leitt til þess að þær væru úthrópaðar og niðurlægðar í samfélaginu og hefðu þurft að hætta heilsu sinni og í tilviki C jafnvel lífi sínu til þess að gangast undir aðgerðirnar.

Allir kærendurnir kærðu írska ríkið fyrir brot á 3. gr. en C reisti kæru sína auk þess á 2. gr. A og B töldu að ríkið hefði, með banni sínu við fóstureyðingum á Írlandi, brotið gegn rétti þeirra til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu samkvæmt 8. gr. sáttmálans. Þriðji kærandinn, C, reisti kæruna einnig á 8. gr. hvað varðaði aðgerðaleyfi ríkisins við að setja lög sem tryggðu stjórnarskrárvarinn rétt þungaðra kvenna til lífs með því að gefa þeim möguleika á að fara í fóstureyðingu á Írlandi. Kærendur töldu að þar sem konur sem hefðu næg efni gætu farið utan til að gangast undir fóstureyðingu væri bannið í raun tilgangslaust og þar að auki samrýmdist ekki meðalhófssjónarmiðum að möguleiki til að gangast undir fóstureyðingu á Írlandi væri aðeins fyrir hendi í einstaka tilvikum og réðist af efnahagsástæðum. Jafnframt töldu þær bannið fara gegn 14. gr. sáttmálans þar sem það hafði í för með sér að þær, sem og aðrar konur í sambærilegri stöðu, þurftu að greiða háar fjárhæðir til þess að geta gengist undir aðgerðina. Þetta hefði komið verst niður á A sem var mjög efnalítill.

Niðurstaða

Dómstóllinn lagði áherslu á að hlutverk hans væri aðeins það að leysa úr því hvort fóstureyðingarreglur á Írlandi eins og þær sneru að kærendum í þessu máli, stæðust ákvæði Mannréttindasáttmálans,

Í málinu var óumdeilt að kærendur ferðuðust til Bretlands til að gangast undir fóstureyðingu, A og B vegna heilsufars og aðstæðna sinna, og C vegna ótta um líf sitt. Þótt ferðalagið hefði falið í sér andlegt álag fyrir kærendur, auk þess að kalla á fjárútlát, sérstaklega fyrir kæranda A, benti dómstóllinn á að þeim hefði staðið til boða nauðsynleg lækni meðferð og ráðleggingar á Írlandi bæði fyrir og eftir aðgerðirnar. Dómstóllinn taldi að burtséð frá andlegum þjáningum af því að þurfa að fara til annars ríkis í aðgerð sem væri ólögleg í heimalandinu, hefði refsilöggjöfin á Írlandi ekki haft nein bein áhrif á fyrstu tvo kærendurna. Dómstóllinn beindi því sjónum sínum að áhrifum löggjafarinnar á C.

Dómstóllinn áréttaði að engin lagaleg hindrun hefði verið til að kærendur

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

leituðu út fyrir landsteinana til að gangast undir föstureyðingu. Þar sem C hafði ekki getað sýnt fram á staðfestingu þess að þungunin ógnaði lífi hennar taldi dómstóllinn að ekki reyndi á 2. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn hafnaði einnig að brotið hefði verið gegn 3. gr. sáttmálans þar sem ekki var séð að líkamlegar og andlegar þjáningar sem hefðu skapast vegna ferðarinnar til Bretlands til að gangast undir föstureyðingu gætu talist nægjanlega alvarlegar til að teljast til ómannúðlegrar eða vanvirðandi meðferðar samkvæmt þessu ákvæði sáttmálans.

Við úrlausn þess hvort 8. gr. hefði verið brotin fjallaði dómstóllinn fyrst um aðstæður kærendanna A og B. Hann taldi að bannið við föstureyðingum hefði falið í sér röskun á rétti þeirra til friðhelgi einkalífs. Sú röskun hefði þó verið samkvæmt lögum og þjónað því lögmæta markmiði að vernda siðferði almennings á Írlandi.

Þegar metið var hvort bannið hefði verið nauðsynlegt í lýðræðislegu þjóðfélagi, og sérstaklega hvort mikilvægir samfélagslegir hagsmunir hefði réttlætt það, leit dómstóllinn til þess að í flestum aðildarríkjum Evrópuráðsins væru rýmri heimildir til föstureyðinga en samkvæmt írskum lögum. Í aðeins þremur ríkjum væru takmarkaðri heimildir til föstureyðinga en á Írlandi en í þeim ríkjum væru föstureyðingar bannaðar án tillits til lífs og heilsu verðandi móður. Í máli Vo gegn Frakklandi hefði dómstóllinn komist að þeirri niðurstöðu að það væri hvers ríkis fyrir sig að meta það hvenær föstur teldist hafa öðlast sjálfstætt líf. Þar sem ekki væri fyrir að fara sameiginlegri afstöðu í ríkjum Evrópu til vísindalegrar eða lagalegrar skilgreiningar á því hvenær líf fösturs teldist hefst, og þar sem réttindi fösturs og verðandi móður væru óaðskiljanleg að þessu leyti, varð að veita ríkjum Evrópu ákveðið svigrúm til að svara þessum spurningum og vega og meta þessa ólíku hagsmuni.

Dómstóllinn skoðaði því næst mál A og B út frá svigrúmi ríkisins til mats á ólíkum hagsmunum. Óumdeilt væri að þær hefðu haft tækifæri til að fara utan til að gangast undir föstureyðingu og hefðu haft rétt á lækniáðstoð í heimalandi sínu bæði fyrir og eftir aðgerðirnar. Föstureyðingabann Írlands sem um væri deilt í þessu máli byggðist á djúpstæðum siðferðilegum gildum sem írskur almenningur studdi og að mati dómstólsins var bannið ásættanleg leið írska ríkisins til að brúa bilið milli réttinda ólétttra kvenna og ófæddra barna þeirra til lífs og á sama tíma þjónaði það þeim tilgangi að vernda áðurnefnd gildi írsku þjóðarinnar. Ríkið hafði því ekki brotið gegn rétti fyrstu tveggja kærendanna samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn tók fram að C hefði þjáðst af sjaldgæfu afbrigði krabbameins sem leiddi til þess að hún óttaðist um líf sitt vegna þungunarinnar. Að mati dómstólsins voru þau úrræði sem konum stóðu til boða til að skera úr um hvort líf þeirra væri í hættu vegna meðgöngu, þ.e. lækniškoðanir og viðtöl við lækna, ekki nægjanlega skilvirk. Sú óvissa sem alltaf var til staðar við slíkt mat og hættan af því að brjóta gegn lögunum frá 1861, sem hefði í för með sér allt

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

að lífstíðarfangelsi ef matið reyndist síðar rangt, hlaut að hafa áhrif á bæði konurnar sem voru í þessari aðstöðu sem og lækna þeirra.

Þau réttarúrræði sem voru til staðar voru að mati dómstólsins heldur ekki skilvirk, þar sem það var ekki hlutverk stjórnlagadómstóls landsins að ákvarða hvort konur uppfylltu skilyrði þess að gangast undir lögmæta föstureyðingu. Auk þess var fulllangt gengið að fara fram á það við konur í sömu stöðu og kærandi að leita réttar síns eftir flóknum dómstólaleiðum þegar hætta steðjaði að lífi þeirra. Það var heldur ekki séð hvernig dómstólar ættu að bregðast við kröfum kvenna um lögmæta föstureyðingu þegar ekki hefðu verið settar skýrar reglur um það af írskum yfirvöldum.

Því ályktaði dómstóllinn að þau úrræði sem írska ríkið benti á að stæðu konum í þessari aðstöðu til boða væru hvorki skilvirk né hefði þriðji kærandinn getað nýtt sér þau til að fá viðurkenndan rétt sinn til lögmætrar föstureyðingar á Írlandi. Þar að auki hafði írska ríkið ekki gefið neinar skýringar á því hvers vegna staðfestur stjórnarskrárvarinn réttur kvenna til föstureyðinga, þegar lífi þeirra væri ógnað, hefði ekki enn verið leiddur í lög.

Dómstóllinn komst því að þeirri niðurstöðu að ríkið hefði, með því að lögfesta ekki áðurnefnd stjórnarskrárvarin réttindi, brotið gegn rétti þriðja kærandans, C, til friðhelgi einkalífs samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Á grundvelli 41. gr. sáttmálans var Írlandi gert að greiða C 15.000 evrur í miskabætur.

Þrír dómara skiluðu samhljóða séráliti og sex dómara voru ósammála niðurstöðu dómstólsins að hluta til.

9. gr. Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi

Jakóbski gegn Póllandi

Dómur frá 7. desember 2010

Mál nr. 18429/06

9. gr. Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi

14. gr. Bann við mismunun

Fangar. Sérfæði vegna trúarskoðana.

1. Málsatvik

Kærandi, Janusz Jakóbski, er pólskur ríkisborgari, fæddur 1965. Árið 2003 var hann dæmdur í 8 ára fangelsi fyrir nauðgun. Hann afplánar nú dóminn í Nowogród-fangelsinu í Póllandi.

Kærandi er búddatrúar og óskaði ítrekað eftir því að fá kjötlausar máltíðir í fangelsinu þar sem hann var vistaður í fjölda ára. Hann vildi fylgja ströngu mataræði Mahayana-búddista sem sneiða hjá neyslu hvers konar kjötmetis. Óskum hans var hafnað en þó fékk hann á tímabili mat sem innihélt ekki svínakjöt en hins vegar annars konar kjöt og fisk.

Í apríl 2006 kærði Jakóbski starfsmenn fangelsisins fyrir að færa sér mat sem innihélt kjöt þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir hans um kjötlaust fæði. Hann benti á að hann hefði ekki getað neitað að borða matinn þar sem litíð hefði verið á það sem hungurverkfall sem varðaði agaviðurlögum. Kæran náði ekki fram að ganga. Í kjölfarið sendi félag búddista í Póllandi bréf til fangelsisýfirvalda til stuðnings kröfu kæranda.

Kærandi fór í framhaldi af þessu fram á að saksóknari höfðaði mál gegn starfsmönnum fangelsisins þar sem þeir hefðu virt að vettugi trúarskoðanir hans. Saksóknari hafnaði kröfunni og staðfesti dómstóll síðar þá ákvörðun. Kærandi höfðaði mál gegn fangelsisýfirvöldum. Niðurstaða dómstóla varð að í ljósi aðstæðna og manneklu í mótuneytum fangelsa væri það tæknilega ómögulegt fyrir fangelsin að útvega hverjum og einum fanga mat í samræmi við trúarlegar venjur þeirra og aðrar sérþarfir.

Árið 2009 var kærandi fluttur í Nowogród-fangelsið þar sem óskum hans um kjötlaust fæði var einnig hafnað.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að ákvörðun fangelsisýfirvalda um að neita honum um kjötlaust fæði, í samræmi við trúarbrögð hans, bryti gegn réttindum hans samkvæmt 9. gr. sáttmálans. Kærandi byggði auk þess á 14. gr. sáttmálans þar sem aðrir trúarhópar innan fangelsisins fengju sérfæði í samræmi við reglur trúarbragða þeirra en það fól, að hans mati, í sér mismunun á grundvelli trúar.

Niðurstaða

Þrátt fyrir þau rök pólska ríkisins að neysla grænmetisfæðis gæti ekki talist ómissandi þáttur trúariðkunar og trúarbragða kæranda úrskurðaði dómstóllinn að sú ákvörðun fangelsisýfirvalda að neita kæranda um grænmetisfæði félli innan ramma 9. gr. sáttmálans. Lita mætti svo á að ákvörðun hans um að óska eftir grænmetisfæði byggðist á eða væri innblásin af trúarsannfæringu hans. Í fyrri málum hefði dómstóllinn þegar staðfest að ósk um tiltekið mataræði gæti talist til iðkunar trúarbragða.

Þótt dómstóllinn féllist á að ákvörðun um að gefa einum fanga kost á sérstöku mataræði gæti verið fjárhagsleg byrði fyrir fangelsisýfirvöld varð engu að síður að líta til þess hvort ríkið hefði vegið og metið þá mismunandi hagsmuni sem voru í húfi í málinu. Dómstóllinn áréttaði að kærandi hefði eingöngu beðið um fæði sem innihéldi ekki kjöt. Ekki hefði þurft að elda, útbúa og framreiða máltíðir hans á neinn sérstakan hátt auk þess sem hann fór ekki fram á neinar sérstakar matarafurðir. Dómstóllinn var því ekki sannfærður um að það að útvega kæranda grænmetisfæði hefði á nokkurn hátt raskað rekstri fangelsisins eða bitnað á gæðum matar annarra fanga. Auk þess benti dómstóllinn á álit ráðherranefndar Evrópuráðsins er laut að samevrópskum fangelsisreglum sem kvað á um að fangar ættu rétt á mataræði með tilliti til trúar þeirra.

Dómstóllinn komst einróma að þeirri niðurstöðu að yfirvöld hefðu ekki fundið ásættanlegan meðalveg í þessu tilliti á milli hagsmuna fangelsisýfirvalda og kæranda og hefðu þau þar með brotið gegn 9. gr. sáttmálans.

Í ljósi þessarar niðurstöðu taldi dómstóllinn ekki nauðsynlegt að skoða efnisatriði málsins sérstaklega út frá 14. gr. sáttmálans.

Á grundvelli 41. gr. sáttmálans var pólska ríkinu gert að greiða kæranda 3.000 evrur í miskabætur.

10. gr. Tjáningarfrelsi

Mariapori gegn Finnlandi

Dómur frá 6. júlí 2010

Mál nr. 37751/07

10. gr. Tjáningarfrelsi

Opinberir starfsmenn. Ærumeiðingar. Tjáningarfrelsi í réttarsal. Þyngd refsingar.

1. Málsatvik

Kærandi er Anna-Liisa Mariapori. Hún er finnskur ríkisborgari, fædd árið 1943 og búsett í Muurola í Finnlandi. Í desember árið 1997 var hún kvödd fyrir dóm sem vitni í máli manns sem hafði verið ákærður fyrir skattsvik. Meðal sönnunargagna í málinu voru skýrslur skattrannsóknamanna. Ákærði í málinu var síðar sakfelldur. Fyrir dómi lýsti kærandi, Anna-Liisa Mariapori, því m.a. yfir að skattrannsóknamennirnir hefðu vísvitandi birt rangar niðurstöður í útreikningum sínum. Fjallað var um vitnisburð kæranda í nokkrum finnskum fjölmiðlum auk þess sem hann var almenningi aðgengilegur í dómabókum. Árið 1998 gaf kærandi út bók þar sem fullyrðing hennar var endurtekin.

Kærandi var ákærð fyrir ærumeiðingar í desember 2000 og sakfelld fyrir brot í júlí 2004. Ummælin sem hún var dæmd fyrir lutu að því að gefið var í skyn í bókinni að annar skattrannsóknamanna væri persónulega tengdur saksóknara og að þau tengsl hefðu haft áhrif í framangreindu refsímáli. Var kærandi dæmd í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi og til að greiða skattrannsóknamanninum 5 þúsund evrur í miskabætur vegna ummælanna. Dómstóllinn taldi að jafnvel þótt kærandi kynni að hafa haft rétt fyrir sér varðandi brotalamir í skattkerfinu hefði það ekki réttlætt þá gagnrýni sem hún hefði látið í ljós í garð starfsmanna hins opinbera. Þá var hún einnig dæmd fyrir ummæli hennar um skattrannsóknamennina fyrir dómi þar sem hún bar vitni og dæmd til að greiða hvorum þeirra um sig fjögur þúsund evrur í miskabætur. Þann 25. apríl 2006 staðfesti áfrýjunardómstóll niðurstöðu undirréttar.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að brotið hefði verið gegn 10. gr. sáttmálans með sakfellingu hennar fyrir ummæli sem hún hafði sett fram fyrir dómi og í bókinni sem hún gaf út.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að ljóst væri að tjáningarfrelsi kæranda hefði verið takmarkað og að takmörkunin hefði stefnt að lögmætu markmiði sem hefði verið að vernda réttindi annarra.

Um það hvort takmörkunin hefði verið nauðsynleg í lýðræðissamfélagi tók dómstóllinn fram að tjáningarfrelsisvernd sáttmálans næði til tjáningar sem móðgaði eða raskaði hugarró þeirra sem hún beindist að. Tjáningarfrelsið væri háð þeim takmörkunum sem fram kæmu í 2. mgr. 10. gr. sáttmálans en þær yrðu þó að byggjast á mikilvægri samfélagslegri þörf. Þótt aðildarríkin hefðu ákveðið svigrúm til mats á því hvort slík þörf væri til staðar þá fælist í því endurskoðunarvaldi sem dómstólnum væri falið að hann gæti endurmetið hvort takmörkun samræmdist tjáningarfrelsi eins og það væri verndað af 10. gr. sáttmálans. Dómstóllinn tók fram að hann þyrfti að skoða málið í heild og í því samhengi sem ummæli kæranda voru færð fram. Dómstóllinn yrði að meta hvort takmörkunin væri í samræmi við það lögmæta markmið sem stefnt væri að og hvort markmiðið ætti við og nægði til takmörkunarinnar.

Dómstóllinn tók fram að líkt og ætti við um stjórnámálamenn yrðu opinberir starfsmenn að þola að störf þeirra væru gagnrýnd. Svigrúm til að gagnrýna þá væri í sumum tilvikum rýmra en þegar um væri að ræða starfsmenn einkaaðila. Engu að síður væri ekki hægt að líta svo á að opinberir starfsmenn legðu allar gerðir sínar í dóm almennings með sama hætti og ætti við um stjórnámálamenn.

Dómstóllinn tók ummæli kæranda við meðferð sakamálsins fyrir dómstólum til skoðunar. Benti hann á að kærandi hefði svarað spurningum saksóknara skilmerkilega og ekki vikið út frá spurningunum frekar en nauðsynlegt var. Ennfremur leit hann til þess að hún hefði verið eiðsvarin. Auk þess yrði að taka tillit til þess að nöfn skattrannsóknarmannanna hefðu ekki komið fram í eftirfarandi fjölmiðlaumfjöllun, málsmeðferðin hefði verið opinber almenningi og almenningur hefði haft aðgang að ummælunum í dómabókunum sem hefðu verið opinberar. Þá yrði að horfa til þess að kærandi hafði ekki sjálf reynt að draga athygli að ummælum sínum við málsmeðferðina. Dómstóllinn benti á að með ummælum sínum hefði kærandi í raun sakað skattrannsóknarmennina um að hafa framið brot í starfi.

Því næst fjallaði dómstóllinn um tjáningarfrelsi við meðferð dómsmála. Vísaði dómstóllinn til fyrri úrlausna sinna að það væri aðeins við sérstakar aðstæður sem takmarka mætti tjáningarfrelsi verjenda í dómsal og að sambærileg sjónarmið ættu við vegna framburðar vitna sem kæmu fyrir dóm til skýrslugjafar. Dómstóllinn tók fram að þessi afstaða hans væri einnig til komin vegna áhrifa frá 6. gr. sáttmálans um réttláta málsmeðferð. Þrátt fyrir að málfrelsi aðila væri ekki takmarkalaust í dómsal þá mæltu sjónarmið um jafnræði málsaðila og sanngirni fyrir um að skoðanaskipti í dómsal ættu að vera sem frjálust.

Loks tók dómstóllinn fram að dómara bæri hverju sinni að hafa stjórn á þinghaldi. Í málinu þar sem kærandi kom fram sem vitni hefði dómari ekki gert athugasemd við staðhæfingu hennar og henni hefði ekki verið boðið að taka hana til baka í þinghaldinu. Þá hefði eðli málsins verið með þeim hætti að skattyfirvöldum gafst kostur á að hrekja staðhæfingar kæranda í þinghaldinu sjálfu. Loks yrði að taka tillit til þess að kærandi hefði komið fram sem vitni

fyrir hönd varnarinnar og hún hefði einungis svarað þeim spurningum sem fyrir hana voru lagðar.

Í ljósi alls ofangreinds taldi dómstóllinn að skattrannsóknarmennirnir hefðu þurft að þola þær staðhæfingar sem látnar voru í ljós um störf þeirra í réttarhaldinu.

Dómstóllinn fjallaði því næst um ummælin sem kærandi setti fram í bók sinni. Dómstóllinn taldi að líta mætti á bókina sem hluta af skoðanaskiptum á opinberum vettvangi. Í bókinni væri einkum fjallað um viðhorf kæranda til aðgerða skattyfirvalda. Dómstóllinn taldi að í slíkum tilvikum væri ekki réttlætanlegt að refsa þátttakendum í opinberri umræðu með fangelsisrefsingu enda hefði slík niðurstaða afar fælandi áhrif á þátttöku í opinberri umræðu. Þótt hugsanlega hefði verið réttlætanlegt að refsa kæranda fyrir þau ummæli sem birtust í bókinni hefði refsingin verið óeðlileg þung og úr hófi miðað við eðli ummælanna og það markmið sem takmörkunin stefndi að.

Í ljósi alls ofangreinds taldi dómstóllinn að brotið hefði verið gegn 10. gr. sáttmálans. Finnsla ríkið var dæmt til að greiða kæranda rúmlega 33 þúsund evrur vegna fjárhagslegs tjóns, sex þúsund evrur í miskabætur og 10 þúsund evrur í málskostnað.

Dómurinn taldi einnig að málsmeðferðartími hefði verið óhæfilega langur og því var brotið gegn réttindum kæranda samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Niskasaari o.fl. gegn Finnlandi

Dómur frá 6. júlí 2010

Mál nr. 37520/07

10 gr. Tjáningarfrelsi

Fjölmiðlar. Ærumeiðingar. Staðreyndir og gildisdómar.

1. Málsatvik

Kærendur, Mikko Niskasaari og Jouni Flinkkilä, eru fæddir 1952 og 1948 og búa í Helsinki í Finnlandi. Mikko Niskasaari er sjálfstætt starfandi blaðamaður og Jouni Flinkkilä er ritstjóri tímaritsins *Seura* í Finnlandi. Fyrirtækið Yhtyneet Kuvalehdet Oy var einnig kærandi í málinu. Fyrirtækið er útgáfufyrirtæki tímaritsins *Seura* og er með aðsetur í Helsinki.

Í desember 1996 ritaði Mikko Niskasaari grein í *Seura* þar sem sagt var frá því í fyrirsögn að X, umboðsmanni barna í Finnlandi, hefði verið vikið úr starfi. Í greininni kom fram að X hefði verið ráðin í rannsóknarverkefni og að enginn myndi taka við starfi hennar sem umboðsmaður barna. Í greininni var jafnframt staðhæft að X hefði enga þekkingu eða reynslu af rannsóknarstörfum.

Í Finnlandi var starfsemi umboðsmanns barna rekin af félagasamtökum, en ekki ríkinu. Félagasamtökin gáfu út yfirlýsingu í *Seura* snemma árs 1997 þar sem fram kom að X hefði fengið rannsóknarstyrk árið 1995 til þriggja mánaða, sem hún hefði nýtt sér haustið 1996, og að hún myndi einnig fara í þriggja mánaða rannsóknarleyfi á árinu 1997. Þá var tekið fram að rannsóknarleyfið

hefði engin áhrif á stöðu X sem umboðsmanns barna. Síðar árið 1997 óskaði X eftir því við lögreglu að birting greinarinnar í *Seura* yrði rannsökuð vegna ærumeiðinga. Í apríl árið 2000 voru Mikko Niskasaar og Jouni Flinkkilä ákærðir vegna birtingar greinarinnar. X krafðist bótagreiðslna vegna birtingarinnar.

Í janúar 2004 voru Mikko Niskasaar og Jouni Flinkkilä dæmdir fyrir ærumeiðingar og var þeim gert, ásamt útgáfufyrirtækinu *Seura*, að greiða X miskabætur, sekt í ríkissjóð og drjúgan hluta málskostnaðar hennar. Dómstóllinn byggði niðurstöðu sína á því að gefið hefði verið í skyn bæði í fyrirsögn tímaritsgreinarinnar og í greininni að X hefði verið gert að láta af störfum vegna háttsemi sinnar. Í dóminum var tekið fram að sú staðhæfing að X hefði skort reynslu og þekkingu hefði í sjálfu sér ekki verið röng. Aftur á móti hefði staðhæfingin ýtt undir þá röngu ímynd sem sett var fram í greininni um rannsóknarverkefni X. Blaðamaðurinn hefði getað kannað hvort eitthvað væri til í þeirri staðhæfingu sem hann var í raun að setja fram um störf X með því að óska eftir upplýsingum frá félagasamtökunum sem sáu um starfsemi umboðsmanns barna, en gerði ekki.

Í júní 2006 staðfesti áfrýjunardómstóll niðurstöðu undirréttar. Tekið var fram að umrædd grein hefði ekki verið sannleikanum samkvæm að því leyti að X hefði ekki verið flutt úr starfi til að sinna rannsóknarverkefnum. Sérstaklega var tekið fram að munur væri á þeirri fyrri dagblaðaumfjöllun sem greinin byggðist á og greininni sjálfri hvað þetta atriði varðaði. Ekki var ljóst hver hafði samið fyrirsögn greinarinnar en sannað þótti að Jouni Flinkkilä hefði verið kunnugt um efni greinarinnar og samþykkt hana til birtingar.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur byggðu kæru sína einkum á 10. gr. sáttmálans. Töldu þeir að brotið hefði verið tjáningarfrelsi þeirra þar sem þeir voru dæmdir fyrir að fjalla um mál sem varðaði almannahagsmuni.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að tjáningarfrelsi kæranda hefði verið takmarkað. Það hefði verið gert með stoð í lögum og ekki væri deilt um að stefnt hefði verið að lögmætu markmiði.

Dómstóllinn tók fram í upphafi umfjöllunar sinnar um hvort takmörkun væri nauðsynleg í lýðræðissamfélagi að tjáning sem væri ætlað að ögra og raska ró manna nyti verndar tjáningarfrelsisákvæðis sáttmálans. Verulega samfélagslega nauðsyn þyrfti til að réttlæta takmarkanir á tjáningarfrelsi. Þótt aðildarríkin hefðu ákveðið svigrúm til mats á því hvort slík þörf væri til staðar fælist í því endurskoðunarvaldi dómstólsins að hann gæti endurmetið hvort takmörkun samræmdest tjáningarfrelsi eins og það væri verndað af 10. gr. sáttmálans. Dómstóllinn tók fram að hann þyrfti að skoða málið í heild og það samhengi sem ummæli kæranda hefðu komið fram í, hvort takmörkunin væri

í samræmi við það lögmæta markmið sem stefnt væri að og hvort markmiðið ætti við og nægði til takmörkunarinnar.

Dómstóllinn áréttaði það mikilvæga hlutverk sem fjölmiðlar gegndu í lýðræðislegu samfélagi. Fjölmiðlar mættu þó ekki ganga of langt í umfjöllun sinni og þá sérstaklega þegar umfjöllun þeirra gæti gengið gegn æru, réttindum eða trúnaði. Þeir báru engu að síður skyldu til að miðla upplýsingum og hugmyndum um málefni sem vörðuðu almannahagsmunum. Almennigur ætti jafnframt rétt á að fá slíkar upplýsingar. Dómstóllinn minnti loks á að í frelsi blaðamanna fælist svigrúm til að ýkja og jafnvel til að ögra.

Dómstóllinn benti á að hin umdeilda grein fjallaði ekki um einkalíf X heldur störf hennar sem umboðsmanns barna. X hefði þó hvorki verið opinber starfsmaður né stjórnmalamaður og þurfti því ekki að sæta því að aðrir hefðu rýmra svigrúm en ella til að fjalla gagnrýnið um störf hennar. Aftur á móti taldi dómstóllinn að ekki hefði verið hægt að líta svo á að hún væri ekki opinber persóna að einhverju leyti. Hún hafði það hlutverk í störfum sínum að koma fram opinberlega til að ná markmiðum frjálsra félagasamtaka og hafði þess vegna verið sýnileg í fjölmiðlum um nokkurt skeið.

Dómstóllinn tók fram að greinin hefði bæði byggst á réttum og röngum staðhæfingum um staðreyndir og að áhersla hefði verið lögð á röngu staðhæfingarnar. Enn fremur hefðu finnskir dómstólar slegið því föstu að kærendur hefðu ekki sannreynt þær upplýsingar sem þeir byggðu á en slíkt hefði verið einfalt í framkvæmd. Hinar röngu upplýsingar hefðu síðar verið leiðréttar af öðrum.

Dómstóllinn tók fram að í ábyrgri fjölmiðlun fælist að fjölmiðlamenn gengju úr skugga um hvort umfjöllun þeirra væri sannleikanum samkvæm. Vísaði dómstóllinn í þessu samhengi til alþjóðlegra viðmiðana fjölmiðla. Dómstóllinn taldi að þrátt fyrir að kærendur hefðu ekki staðreynt nægjanlega allar þær upplýsingar sem fram komu í hinni umdeildu grein teldi hann að kærendur hefðu fyrst og fremst gerst sekir um að fjalla ekki um efnið í samræmi við þær staðreyndir sem fyrir lágu. Finnskir dómstólar hefðu ekki vegið og metið andstæða hagsmuni í málinu. Enn fremur hefði verið tekið tillit til leiðréttingarinnar sem síðar hefði verið birt. Einnig hefðu finnsk yfirvöld ekki kannað hvort hægt hefði verið að grípa til vægari úrræða til að vernda þá hagsmuni sem reyndi á í málinu. Dómstóllinn tók fram í þessu samhengi að dómarnir yfir kærendum hefðu verið þungir miðað við refsirammann. Í ljósi þessa taldi dómstóllinn að brotið hefði verið gegn 10. gr. sáttmálans.

Kærendum voru dæmdar rúmar 28 þúsund evrur í bætur og 8.500 evrur í málskostnað.

Dómurinn taldi einnig að málsmeðferðartími hefði verið óhæfilega langur í skilningi 6. gr. sáttmálans.

Sanoma Uitgevers B.V. gegn Hollandi – Yfirdeild

Dómur frá 14. september 2010

Mál nr. 38224/03

10. gr. Tjáningarfrelsi

Fjölmiðlar. Heimildarmenn. Haldlagning án dómsúrskurðar.

1. Málsatvik

Kærandi, Sanoma Uitgevers B.V., er hollenskt útgáfufyrirtæki með aðsetur í Hoofddorp í Hollandi. Þann 12. janúar 2002 fór fram ólöglegur kappakstur í iðnaðarhverfi í útjaðri bæjarins Hoorn. Kærandi hélt því fram að blaðamenn á vegum blaðs síns, *Autoweek*, sem voru að undirbúa grein um ólöglegan kappakstur, hefðu fengið leyfi hjá skipuleggjendum til að fjalla um viðburðinn með þeim skilyrðum að þeir upplýstu ekki um þátttakendur í honum. Það stóð því til að breyta þeim ljósmyndum sem teknar voru af kappakstrinum þannig að hvorki væri hægt að bera kennsl á bíla né keppendur. Kappaksturinn var að lokum stöðvaður af lögreglu en enginn var handtekinn.

Lögreglu grunaði að einn af bílunum sem notast var við í kappakstrinum hefði einnig verið nýttur sem flóttabíll í ráni þann 1. febrúar 2001, þar sem hraðbanka var stolið og vegfaranda hótad með skotvopni. Síðar þann dag fór lögregla fram á það við kæranda að hann afhenti henni geisladisk með ljósmyndum af kappakstrinum. Kærandi neitaði að verða við þeirri kröfu, enda vildi hann vernda heimildarmenn sína. Saksóknari í Amsterdam ákvað þá með vísan til ákvæðis í réttarfarslögum að kæranda væri skylt að afhenda lögreglu ljósmyndirnar ásamt öllu öðru efni sem hann hefði undir höndum sem tengdist kappakstrinum. Ritstjóri blaðsins neitaði að verða við þessu og bar fyrir sig rétt blaðamanna til að gefa ekki upp heimildarmenn sína. Klukkan 18 að kvöldi 1. febrúar 2002 var hann handtekinn og færður fyrir saksóknara Amsterdam. Honum var sleppt fjórum klukkustundum síðar. Næsta dag afhenti kærandi lögreglu geisladiskinn og fleiri gögn.

Hinn 15. apríl 2002 lagði kærandi fram kæru hjá undirrétti þar sem hann fór fram á að honum yrði skilað gögnunum og lögreglu yrði gert skylt að eyða öllum afritum af þeim. Kærandi krafðist þess einnig að lögbann yrði lagt við hvers konar notkun lögreglu eða saksóknara á gögnunum. Þann 19. september 2002 féllst dómurinn á kröfu kæranda þó aðeins að því leyti að haldlagningu gagnanna skyldi aflétt og geisladisknum skilað.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að sú þvingun sem hann varð að sæta með því að láta af hendi trúnaðargögn til lögreglu bryti gegn rétti hans til að halda trúnað við heimildarmenn og að sá réttur nyti verndar 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða deildar

Niðurstaða deildar dómstólsins í dómi frá 31. mars 2009 var að þótt meginregla um skyldu til að láta frá sér trúnaðargögn gæti haft neikvæð áhrif á tjáningarfrelsi blaðamanna yrði að játa yfirvöldum ákveðið svigrúm til að vega og meta þá hagsmuni sem deilt var um í þessu máli. Var sérstaklega litið til þess að upplýsingar á geisladisknum réðu úrslitum um að hægt var að bera kennsl á menn sem grunaðir voru um alvarlega glæpi sem lögregla rannsakaði og voru þær aðeins notaðar í þeim tilgangi. Niðurstaða deildarinnar var því sú að ekki hefði verið brotið gegn 10. gr. sáttmálans. Þrír dómara af sjö skiluðu séráliti.

Þann 14. september 2009 var málinu vísað til yfirdeildar dómstólsins að beiðni kæranda.

Niðurstaða yfirdeildar

Dómstóllinn sá ekki ástæðu til að efast um sannleiksgildi þeirrar fullyrðingar kæranda að blaðamenn á hans vegum hefðu lofað heimildarmönnum að greina ekki frá því hverjir hefðu tekið þátt í ólöglega kappakstrinum. Skylda til að afhenda fyrrnefndar upplýsingar fól í sér takmörkun á rétti hans til að taka á móti og miðla upplýsingum samkvæmt 10. gr. sáttmálans.

Óumdeilt var að takmörkunin hafði stoð í lögum. Deilan laut hins vegar að beitingu laganna, og þá sérstaklega að því hvort málsmeðferðarreglur tryggðu hagsmuni kæranda nægjanlega.

Dómstóllinn tók fram að skylda sem lögð var á kæranda til að gefa upp heimildir og heimildarmenn gæti haft skaðlegar afleiðingar í för með sér, ekki aðeins gagnvart heimildarmönnum sjálfum heldur einnig gagnvart viðkomandi fjölmiðli. Dómstóllinn taldi að kærandi ætti rétt á því að dómstóll, eða óháður úrskurðaraðili, legði mat á kröfu um afhendingu gagna áður en haldlagning kæmi til framkvæmda, og hefði m.a. vald til að skera úr um hvort skyldi vega þyngra í hverju og einu tilviki þeir almannahagsmunir að ljóstra upp um brot eða hagsmunir af því að tryggja leynd heimildarmanna. Slíkt mat yrði að eiga sér stað fyrirfram, enda græfi mat, sem fram færi eftir að trúnaðargögn hefðu verið afhent, undan rétti blaðamanna til að virða trúnað við heimildarmenn sína.

Þá taldi dómstóllinn að ákvörðun slíks úrskurðaraðila þyrfti að byggjast á skýrum viðmiðum, þar á meðal hvort mögulegt væri að beita vægari úrræðum. Úrskurðaraðili ætti að geta, eftir atvikum, hafnað beiðni um haldlagningu eða heimilað takmarkaða eða skilyrta ráðstöfun með það að markmiði að vernda heimildarmenn. Í mikilvægum málum ætti að vera fyrir hendi aðferð til að aðgreina gögn sem gætu mögulega komið upp um heimildarmenn frá þeim sem gera það ekki áður en lögreglu yfirvöld fengju þau í hendur. Samkvæmt hollenskum lögum væri ákvörðunarvald um haldlagningu í höndum saksóknara en ekki dómara eða annars sjálfstæðs úrskurðaraðila. Samkvæmt málsmeðferðarreglum teldist saksóknari aðili máls og gæti ekki talist hlutlaus í málinu.

Að öllu virtu taldi Mannréttindadómstóllinn að gallar hefðu verið á hollenskum lögum þar sem þau höfðu ekki að geyma fullnægjandi úrræði fyrir kæranda til að fá sjálfstætt mat á því hvort hagsmunir af vernd heimildarmanna vægu þyngra en almannahagsmunir af rannsókn sakamáls. Var því talið að brotið hefði verið gegn 10. gr. sáttmálans.

Á grundvelli 41. gr. sáttmálans var Hollandi gert að greiða kæranda 35.000 evrur í málskostnað.

Einn dómari skilaði séráliti.

Gillberg gegn Svíþjóð

Dómur frá 2. nóvember 2010

Mál nr. 41723/06

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

10. gr. Tjáningarfrelsi

Skylda til að afhenda gögn. Rannsóknargögn í háskóla.

1. Málsatvik

Kærandi, Christopher Gillberg, er sænskur ríkisborgari, fæddur árið 1950. Hann er prófessor og fyrrverandi forseti barna- og þroskasálfræðideildar Háskólans í Gautaborg. Um nokkurra ára skeið hafði hann umsjón með rannsóknarverkefni um ofvirkni og athyglisbrest barna. Verkefnið fór fram á vegum Háskólans í Gautaborg á árunum 1977 til 1992. Foreldrar 141 barns á leikskólaaldri buðust til að taka þátt í rannsókninni. Foreldrum barnanna, og síðar börnunum sjálfum, var heitið trúnaði vegna þeirra upplýsinga sem látnar voru rannsakendum í té. Kærandi hélt því fram að siðanefnd háskólans hefði gert það að skilyrði þegar leyfi fékkst fyrir rannsókninni að einungis hann og starfsfólk hans hefði aðgang að rannsóknargögnunum. Hann hefði þess vegna heitið börnunum og foreldrum þeirra algjörum trúnaði og voru gögnin í vörslu hans.

Árið 2002 óskaði félagsfræðingur sem stundaði rannsóknir við annan háskóla í Svíþjóð eftir aðgangi að rannsóknargögnunum. Sama ár óskaði barnalæknir eftir aðgangi að rannsóknargögnunum. Báðum beiðnunum var hafnað af Háskólanum í Gautaborg. Báðir umsækjendur kærðu þær synjanir til stjórnarsýsludómstóls. Niðurstaða dómstólsins var að félagsfræðingurinn og barnalæknirinn ættu rétt á að fá aðgang að rannsóknargögnunum enda ættu þeir lögvarða hagsmuni af því að fá að kynna sér þau auk þess sem þeim væri treystandi til að fara með trúnaðargögn. Háskólanum bæri að setja þeim skilyrði til að tryggja hagsmuni þeirra einstaklinga sem tóku þátt í rannsókninni. Setti háskólinn þau skilyrði að þeir gætu einungis skoðað gögnin hjá háskólanum sjálfum og óheimilt væri að fjölfalda þau.

Kærandi neitaði að afhenda háskólanum gögnin. Í því ljósi sá háskólinn sér ekki annað fært í byrjun árs 2004 en að neita um aðgang að gögnunum.

Stjórnsýsludómstóll ógilti þá ákvörðun og mælti fyrir að háskólinn skyldi afhenda gögnin. Nokkrum dögum síðar eyddu samstarfsmenn kæranda rannsóknargögnum. Í öll skiptin sem stjórnsýsludómstóll kvað upp dóm í málinu reyndi kærandi að skjóta málinu til æðri dómstóls en var það ókleift þar sem hann var ekki talinn vera aðili að málinu.

Í júní 2005 var kærandi dæmdur fyrir brot í starfi. Hann fékk skilorðsbundinn dóm og sekt sem samsvaraði 4.000 evrum. Varaforseti háskólans og aðrir starfsmenn skólans sem tóku þátt í því að eyða rannsóknargögnum voru jafnframt dæmdir fyrir sömu sakir. Dómurinn var staðfestur í febrúar 2006 af áfrýjunardómstól. Hæstiréttur Svíþjóðar hafnaði því í apríl 2006 að taka mál kæranda til skoðunar.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að með refsidóminum hefði verið brotið gegn réttindum hans samkvæmt 8. og 10. gr. sáttmálans þar sem loforð hans til barna og foreldra sem tóku þátt í rannsókninni hefði verið forsenda þess að rannsóknin hefði farið fram.

Niðurstaða

Um 8. gr.: Dómstóllinn tók ekki afstöðu til þess hvort friðhelgi einkalífs kæranda hefði verið takmörkuð. Sænskum stjórnvöldum hefði borið að bregðast við þeirri ákvörðun kæranda að neita að afhenda rannsóknargögnin. Dómstóllinn taldi ekki sýnt fram á að jafn ríkur trúnaður hefði ríkt um gögnin og kærandi hélt fram og benti á mat sænskra dómstóla á því atriði. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið brotið gegn 8. gr. sáttmálans. Tveir dómáramur skilufu séráliti um þá niðurstöðu.

Um 10. gr.: Dómstóllinn tók fram að jákvætt frelsi kæranda til tjáningar samkvæmt 10. gr. sáttmálans hefði ekki verið takmarkað heldur réttur hans til neikvæðrar tjáningar, þ.e. rétturinn til að afhenda ekki tiltekna upplýsingar. Dómstóllinn féllst á að sumar starfsstéttir hefðu lögmæta hagsmuni af því að vernda upplýsingar sem þær fengju í starfi, t.d. í samskiptum við skjólstaðinga. Hins vegar hefði kærandi verið dæmdur fyrir brot í starfi fyrir að neita að afhenda gögn sem honum bar að afhenda lögum samkvæmt.

Af þessum sökum taldi dómstóllinn einróma að ekki hefði verið brotið gegn 10. gr. sáttmálans.

11. gr. Funda- og félagafrelsi

Alekseyev gegn Rússlandi

Dómur frá 21. október 2010

Mál nr. 4916/07, 25924/08 og 14599/09

11. gr. Funda- og félagafrelsi

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

14. gr. Bann við mismunun

Fjöldagöngur. Hætta á óeirðum. Réttindi samkynhneigðra.

1. Málsatvik

Kærandi, Nikolay Alekseyev, er fæddur árið 1977 og býr í Moskvu. Hann var einn af skipuleggjendum fjöldagangna árin 2006, 2007 og 2008 sem fóru fram þeim tilgangi að mótmæla mismunun gagnvart samkynhneigðum í Rússlandi og til að stuðla að umburðarlyndi og virðingu fyrir mannréttindum.

Skipuleggjendur sendu fyrirfram tilkynningar til skrifstofu borgarstjóra í Moskvu þar sem tilkynnt var um göngurnar. Þeir buðust til að hafa samráð við lögreglufyrirvöld til að tryggja að þátttakendur virtu öryggi og allsherjarreglu. Þrátt fyrir þetta var skipuleggjendum neitað um að hafa göngurnar. Borgarstjóri rökstuddi neitunina með vísan til verndar á allsherjarreglu, heilsu, siðferði, frelsi og réttindum annarra ásamt hættu á uppþotum. Borgarstjóri tók fram að borist hefðu erindi frá andstæðingum gangnanna, og að búast mætti við neikvæðum viðbrögðum, þar á meðal ofbeldi, gagnvart göngufólki, sem gæti leitt til allsherjaróeirða og fjöldauppþota.

Auk þess var haft eftir borgarstjóra og starfsmönnum hans í fjölmiðlum að skemmtiganga fyrir samkynhneigða yrði ekki leyfð undir neinum kringumstæðum, meðan viðkomandi borgarstjóri væri í embætti. Þá hvatti hann fjölmiðla til andstöðu og áróðursherferða gegn slíkum göngum.

Þar sem beiðni skipuleggjenda um göngur hafði verið hafnað greindu þeir borgarstjóra frá áformum sínum um að standa fyrir skammvinnum mótmælastöðum þá daga sem þeir höfðu upprunalega ætlað að hafa sumar göngurnar. Skipuleggjendum var synjað um að hafa slíkar mótmælastöður.

Kærandi bar málið við svo búið undir rússneska dómstóla sem höfnuðu kröfum hans.

2. Málsmeðferð fyrir Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi vísaði til 11., 13. og 14. gr. sáttmálans og kærði endurtekið bann gegn gleðigöngum og mótmælastöðum, ennfremur að hafa ekki haft raunhæft úrræði til að vefengja þau bönn og loks að bönnin fælu í sér mismunun á grundvelli kynhneigðar.

Niðurstaða

Um 11. gr.: Dómstóllinn tók fram að 11. gr. verndaði friðsamlegar mótmælagöngur sem gætu jafnvel truflað eða móðgað fólk sem deildi ekki sömu skoðunum og mótmælendur. Þau rök að hætta væri á að mótmælaganga ylli truflunum væru ekki nægileg til að réttlæta bann við henni. Ef allar mótmælagöngur, þar sem búast mætti við spennu, æsingi og orðahnippingum milli andstæðinga, væru bannaðar væru skertir möguleikar á að koma fram með andstæðar skoðanir á málaflokkum sem kynnu að móðga þorra fólks. Færi það gegn meginreglum Mannréttindasáttmálans.

Dómstóllinn taldi að yfirvöld í Moskvu hefðu ítrekað á þriggja ára tímabili ekki metið nægilega vel ógn við öryggi þátttakenda og allsherjarreglu. Jafnvel þótt andstæðingar þátttakenda í viðkomandi göngum hefðu getað farið út á götur til að mótmæla göngunum hefðu yfirvöld í Moskvu átt að gera ráðstafanir til þess að tryggja að báðir viðburðir færu fram löglega og friðsamlega, og leyft þannig báðum hópum að koma skoðunum sínum á framfæri án ofbeldis. Yfirvöld hefðu í reynd, með því að banna gleðigöngurnar, samþykkt og stutt hópa sem kröfðust þess, andstætt lögum og reglu, að friðsamlegar göngur yrðu hindraðar.

Dómstóllinn lagði áherslu á að væri rétturinn til að koma saman með friðsamlegum hætti háður samþykki meirihlutans gengi það gegn gildum Mannréttindasáttmálans. Tilgangur gleðiganganna væri að stuðla að virðingu fyrir mannréttindum og umburðarlyndi gagnvart minnihlutahópum. Þeim hefði ekki verið ætlað að innihalda ógn eða gagnrýna viðurkennt siðferði eða trúarlegar skoðanir annarra.

Taldi dómstóllinn að bönn þau sem lögð voru við gleðigöngum og mótmælastöðum samkynhneigðra gætu ekki talist nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi. Með þeim var því brotið gegn 11. gr. sáttmálans.

Um 13. gr.: Dómstóllinn taldi að rússnesk lög skylduðu yfirvöld til að taka formlega afstöðu til þess hvort halda mætti viðkomandi göngur eða ekki fyrir þau tímamörk sem göngurnar voru ráðgerðar. Af þeirri ástæðu hefði ekki verið fyrir hendi raunhæft úrræði fyrir kæranda til að fá afstöðu yfirvalda hnekkst og hefði því verið brotið gegn 13. gr. sáttmálans.

Um 14. gr.: Dómstóllinn taldi aðalástæðuna fyrir umræddu banni við gleðigöngum í Moskvu hafa verið vanþóknun yfirvalda á göngunum sem fjölluðu um réttindi samkynhneigðra. Leit dómstóllinn þar m.a. til afdráttarlausra ummæla borgarstjórans gegn göngunum. Taldi dómstóllinn ljóst að yfirvöld hefðu ekki réttlætt viðkomandi bönn á þann hátt að samrýmdist kröfum sáttmálans. Hefði kæranda því verið mismunað á grundvelli kynhneigðar hans og því brotið gegn 14. gr. sáttmálans.

Í samræmi við 41. gr. sáttmálans voru kæranda dæmdar 12.000 evrur í miskabætur og 17.510 í málskostnað.

13. gr. Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns

Kuric o.fl. gegn Slóveníu

Dómur frá 13. júlí 2010

Mál nr. 26828/06

Sjá reifun dómsins undir 8. gr.

Alekseyev gegn Rússlandi

Dómur frá 21. október 2010

Mál nr. 4916/07, 25924/08 og 14599/09

Sjá reifun dómsins undir 11. gr.

14. gr. Bann við mismunun

Clift gegn Bretlandi

Dómur frá 13. júlí 2010

Mál nr. 7205/07

5. gr. Réttur til frelsis og mannhelgi

14. gr. Bann við mismunun

Skilyrði reynslulausnar. Mismunun byggð á lengd fangelsisrefsingar.

1. Málsatvik

Kærandi, Sean Clift, er breskur ríkisborgari, fæddur 1966. Hann býr í Westcliff-on-Sea á Englandi. Í apríl 1994 var hann dæmdur í 18 ára fangelsi fyrir ýmis alvarleg afbrot, þar á meðal tilraun til manndráps. Í mars 2002 hafði hann afplánað nægilega mikinn hluta refsingarinnar til að eiga möguleika á reynslulausn. Sérstök nefnd um reynslulausn fanga mælti með því að kæranda yrði veitt reynslulausn. Samkvæmt þágildandi löggjöf þurftu fangar sem dæmdir voru til lengri fangelsisvistar en 15 ár einnig að afla samþykkis frá innanríkisráðherra til að öðlast reynslulausn. Þeir fangar sem dæmdir voru til styttri refsingar og fangar með lífstíðardóma þurftu ekki að afla slíks samþykkis. Í tilviki kæranda neitaði innanríkisráðherra að veita slík meðmæli með þeim rökstuðningi að reynslulausn kæranda myndi stefna almenningi í hættu.

Árið 2004 sótti kærandi á ný um reynslulausn og fékk þá bæði samþykki nefndar um reynslulausn fanga sem og innanríkisráðherra. Í millitíðinni höfðaði kærandi mál fyrir breskum dómstólum vegna fyrri ákvörðunar ráðherrans um að neita honum um reynslulausn í hið fyrra sinn. Ekki var fallist á kröfur kæranda á neinu dómstigi í Bretlandi.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi byggði kvörtun sína á því að brotið hefði verið gegn 5. gr., sbr. 14. gr. sáttmálans, með því að vista hann áfram í fangelsi eftir að nefnd um reynslulausn fanga hafði fallist á umsókn hans um reynslulausn. Þeir fangar sem sættu 15 ára fangelsisrefsingu eða meira þyrftu að þola mismunun í þessum efnum miðað við þá sem væru með skemmri fangelsisdóm eða lífstíðardóm.

Niðurstaða

Um 5. gr., sbr. 14. gr.: Dómstóllinn lagði mat á hvort staða kæranda félli undir reglu 14. gr. sáttmálans um bann við mismunun. Fjallaði hann þar einkum um þýðingu hugtaksins „önnur staða“ í skilningi ákvæðisins, þ.e. í samhengi við aðra þá eiginleika sem taldir eru upp í ákvæðinu og mismunun er bönnuð vegna, t.d. kynferði, kynþáttur o.s.frv. Tók dómstóllinn fram að bann við mismunun væri ekki takmarkað við mismunun sem reist væri á persónulegum eiginleikum sem væru meðfæddir eða mönnum áskapaðir. Dómstóllinn vísaði til þess að

hann hafði í öðru máli talið að mismunandi meðferð fanga á grundvelli eðlis afbrots þeirra væri ekki mismunun. Hins vegar hefði kærandi ekki vísað til þess að sú meðferð sem hann sætti væri reist á þeim grundvelli heldur því að hann hefði verið dæmdur til fangelsisvistar sem var lengri en tiltekið tímamark, þ.e. 15 ára fangelsi. Dómstóllinn tók fram að þrátt fyrir að refsingar væru almennt í samræmi við alvarleika brota hefðu aðrir þættir jafnframt áhrif, þar á meðal mat dómara á ógn sem stafaði af dómfelldum. Af þessari ástæðu taldi dómstóllinn að staða kæranda félli undir orðalag 14. gr. þar sem réttindi sáttmálans eru tryggð án nokkurs manngreinarálits vegna „annarrar stöðu“.

Dómstóllinn taldi að í tilvikum þar sem fyrirkomulag reynslulausnar væri með ólíkum hætti vegna mismunandi stöðu fanga að þessu leyti væri hætta á að brotið væri gegn 5. gr. sáttmálans nema málefnalegar ástæður lægju til grundvallar. Dómstóllinn tók fram að staða kæranda hefði verið sambærileg stöðu þeirra fanga sem dæmdir voru til styttri refsingar en 15 ára refsingar að því leyti að sömu sjónarmið ættu að koma til skoðunar við mat á því hvort veita ætti reynslulausn.

Dómstóllinn tók þess vegna til skoðunar hvort málefnalegar ástæður lægju að baki þeim mun sem væri á meðferð mála fanga sem dæmdir voru annars vegar til styttri refsingar en 15 ára fangelsis og lífstíðarfangelsis og hins vegar þeirra fanga sem dæmdir voru til lengri refsingar en 15 ára fangelsis, en þó ekki lífstíðarfangelsis. Dómstóllinn tók fram að í ljósi þess að ákveðið var að dæma kæranda í 18 ára fangelsi en ekki lífstíðarfangelsi mætti ætla að minni hætta ætti að stafa af honum eftir afplánun dóms. Þess vegna væri erfitt að sjá hvaða sjónarmið mæltu með því að fara strangar með kæranda að þessu leyti til en átti við um þá sem dæmdir voru til lífstíðarfangelsis.

Hvað varðaði þann mun sem var gerður samkvæmt breskum lögum á þeim sem dæmdir voru í meira en 15 ára fangelsi annars vegar og minna en 15 ára fangelsi hins vegar taldi dómstóllinn að slíkur greinarmunur væri ekki sjálfkrafa mismunun í skilningi 14. gr. sáttmálans. Meta yrði hvort greinarmunurinn væri réttlættur af lögmætum markmiðum. Taldi dómstóllinn að í máli kæranda hefðu bresk yfirvöld ekki sýnt fram á að skilyrði um samþykki innanríkisráðherra vegna reynslulausnar sumra fanga tengdist sjónarmiði um vernd almennings gagnvart brotamönnum.

Dómstóllinn taldi að það fyrirkomulag á reynslulausn fanga sem kærandi þurfti að sæta skorti málefnalega réttlætingu. Af þessum sökum var talið að brotið hefði verið gegn 5. gr. sáttmálans með hliðsjón af 14. gr. hans.

Breska ríkinu var gert að greiða kæranda tíu þúsund evrur í miskabætur.

J.M. gegn Bretlandi

Dómur frá 28. september 2010

Mál nr. 37060/06

14. gr. Bann við mismunun

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Meðlagsgreiðslur. Sambúð samkynhneigðra.

1. Málsatvik

Kærandi, J.M., er móðir tveggja barna fæddra árin 1991 og 1993. Hún og eiginmaður hennar skildu eftir fæðingu barnanna og kærandi flutti út af heimili þeirra. Faðirinn fékk forsjá barnanna sem bjuggu áfram hjá honum en dvöldu tvo og hálfan dag í viku hverri hjá kæranda. Samkvæmt bresku meðlagslögjöfnni var kæranda skylt að greiða meðlag með börnunum. Frá árinu 1998 hefur kærandi verið í sambúð með annarri konu. Meðlagsgreiðslur hennar voru endurmetnar í september 2001 í samræmi við gildandi reglugerðir. Reglurnar mæltu fyrir um lægri meðlagsgreiðslur ef foreldri utan heimilis væri komið í sambúð eða hjónaband. Hins vegar tóku reglurnar ekki til sambands aðila af sama kyni. Kærandi taldi sig þolanda mismununar þar sem hún þurfti áfram að greiða um 47 pund á viku í meðlag en væri hún í sambúð með karlmanni væri upphæðin um 14 pund á viku.

Kæra hennar var tekin fyrir á þremur dómstigum í Bretlandi en meirihluti lávarðadeildar breska þingsins dæmdi henni að lokum í óhag árið 2006.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi hélt því fram að henni hefði verið mismunað á grundvelli kynhneigðar. Með því að taka ekki tillit til sambúðar hennar með annarri konu hefði verið brotið gegn rétti hennar samkvæmt 14. gr. sáttmálans, sem bannar mismunun, sbr. og 8. gr. um friðhelgi einkalífs og 1. gr. 1. samningsviðauka um friðhelgi eignarréttarins.

Niðurstaða

Dómstóllinn ákvað að fjalla um málið út frá 1. gr. 1. samningsviðauka við sáttmálann. Þær fjárhæðir sem kærandi greiddi í meðlag með börnum töldust að mati dómstólsins vera framlög hennar, með líkum hætti og skattgreiðslur, þar sem greiðsla þeirra væri lögbundin og framfylgt af barnaverndaryfirvöldum. Ákvæði 14. gr. sáttmálans átti, að mati dómstólsins, einnig við. Dómstóllinn taldi óþarft að ákvarða hvort atvik málsins féllu undir gildissvið 8. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn áréttaði að til þess að 14. gr. sáttmálans kæmi til skoðunar yrði að vera fyrir hendi mismunun gagnvart aðilum í sambærilegri aðstöðu. Þar sem kæran lyti að mismunun á grundvelli kynhneigðar hafi breska ríkinu borið að færa fram haldbær rök til að réttlæta slíka mismunun.

Dómstóllinn taldi að kærandi gæti með réttu borið saman aðstöðu sína við stöðu annarra foreldra utan heimilis sem væru í sambandi við einstakling af gagnstæðu kyni. Eini munurinn á kæranda og slíkum einstaklingum væri kynhneigð hennar. Meðlagsgreiðsluskylda hennar hafði því verið metin á annan hátt út frá eðli sambands hennar. Þegar litið væri til tilgangs reglugerðanna sem deilt var um, en hann var sá að sjá til þess að ekki væri lögð

14. gr. Bann við mismunun

of mikil fjárhagsleg byrði á meðlagsskylda foreldra við breyttar aðstæður, sá dómstóllinn enga réttlætingu fyrir mismununinni. Í raun væri óljóst hvers vegna meðlagsgreiðslur kæranda þyrfti að ákvarða á annan hátt hefði hún verið í sambandi með karlmanni. Dómstóllinn taldi því skorta réttlætingu fyrir mismununinni og því hefði verið brotið gegn réttindum kæranda samkvæmt 14. gr. sáttmálans, sbr. 1. gr. 1. sammingsviðauka við hann.

Kæranda voru dæmdar 3.000 evrur í miskabætur og 18.000 evrur í málskostnað.

Konstantin Markin gegn Rússlandi

Dómur frá 7. október 2010

Mál nr. 30078/06

14. gr. Bann við mismunun

8. gr. Réttur til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Hermann. Foreldraorlof. Mismunun vegna kynferðis.

1. Málsatvik

Konstantin Markin er rússneskur hermaður, fæddur árið 1976 og býr í Novgorod. Hann skildi við eiginkonu sína sama dag og þriðja barn þeirra fæddist í september 2005. Nokkrum dögum síðar sömdu þau um að börn þeirra þrjú myndu búa hjá kæranda og að kona hans myndi borga meðlag með þeim. Í framhaldi af því óskaði kærandi eftir því við yfirmann herdeildar sinnar að fá þriggja ára leyfi frá störfum til að fara í foreldraorlof. Beiðninni var hafnað á þeim grundvelli að foreldraorlof af slíkri lengd væri einungis veitt kvenkyns hermönnum. Í stað þess var honum leyft að taka þriggja mánaða langt foreldraorlof en nokkrum vikum seinna, eða í nóvember 2005, var hann kallaður aftur til starfa. Kærandi kærði synjun um lengra orlof en kröfum hans var hafnað á öllum stigum, síðast af herdómstóli í apríl 2006.

Í október 2006 veitti yfirmaður herdeildar kæranda honum leyfi þar til í september 2008, þegar yngsti sonur hans yrði þriggja ára. Í framhaldi af því hlaut hann jafnvirði 5.900 evra í fjárhagsaðstoð með þeim upplýsingum að aðstoðina fengi hann aðallega vegna erfiðra fjölskylduadstæðna og engra annarra tekna. Í ágúst 2008 lagði kærandi fram kæru hjá stjórnlagadómstólnum og hélt því fram að skilyrði herlaganna varðandi þriggja ára foreldraorlofið brytu gegn jafnræðisákvæði rússnesku stjórnskrárinnar. Í janúar 2009 vísaði stjórnlagadómstóllinn kæru hans frá á þeim grundvelli að með því að ganga í herinn samþykkti hermaður ákveðna skerðingu á borgaralegum réttindum sínum. Stjórnlagadómstóllinn benti einnig á að möguleiki kvenhermanna til að taka þriggja ára foreldraorlof tæki tillit til takmarkaðrar þátttöku kvenna í hernum og móðurhlutverks þeirra, sem væri annað en föðurhlutverkið.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi að neitun um að veita honum foreldraorlof fæli í sér mismunun á grundvelli kynferðis og kvartaði undan broti á réttindum sínum samkvæmt 14. og 8. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Um 37. gr.: Rússneska ríkið taldi að fella bæri málið niður með vísan til 37. gr. sáttmálans vegna þeirra aðgerða sem rússnesk yfirvöld gripu til í þeim tilgangi að koma til móts við þarfir kæranda. Dómstóllinn lagði áherslu á að dómar hans þjónuðu ekki þeim eina tilgangi að skera úr um réttindi kæranda í hverju máli en hefðu einnig þann tilgang að festa í sessi og þróa reglur sáttmálans. Hin meinta mismunun í rússneskum lögum gegn karlkyns hermönnum og rétti þeirra til foreldraorlofs, miðað við kvenkyns hermenn, fól í sér mikilvæga spurningu um almannahagsmuni sem dómstóllinn hafði ekki gefið álit sitt á áður.

Um 8. og 14. gr.: Dómstóllinn taldi að þótt 8. gr. sáttmálans fæli ekki í sér sjálfstæðan rétt til foreldraorlofs væri mikilvægt að hafa í huga að þegar ríki setti á fót reglur um slíkt orlof yrði að gera það án þess að í því fælist mismunun. Þróun í átt til jafnræðis milli karla og kvenna í öllu tilliti væri eitt af stefnumálum aðildarríkja Evrópuráðsins og mjög þungvægar ástæður yrði að færa fram til að mismunun milli kynja gæti talist réttlætanleg og í samræmi við sáttmálann.

Dómstóllinn féllst ekki á rök rússneska stjórnlagadómstólsins um að ólík meðferð mála varðandi foreldraorlof milli karl- og kvenhermanna væri réttlætanleg með tilliti til hins sérstaka hlutverks kvenna í uppeldi barna. Ólíkt mæðra-orlofi, sem væri sérstaklega ætlað að gera móðurinni kleift að jafna sig eftir fæðinguna og hafa barnið á brjósti, væri foreldraorlofi ætlað að ná til tímans sem kæmi í framhaldinu og að gefa foreldri, föður og/eða móður tækifæri til þess að sjá um ungabarnið heima við. Þegar kæmi að þessu hlutverki, þ.e. að aflokinni frumbersku, væru báðir foreldrar í svipaðri aðstöðu.

Dómstóllinn tók fram að á undanförunum áratug hefðu lög um rétt til foreldraorlofs þróast í þá átt að í meirihluta aðildarríkja Evrópuráðsins veittu lögin nú þann rétt að bæði fedur og mæður gætu tekið foreldraorlof. Rússneska ríkið gæti því ekki vísað til þess að ekki væri til staðar almenn viðmiðun í þessum málaflokki í ríkjum Evrópu til að réttlæta mismunandi meðferð kynjanna að þessu leyti.

Dómstóllinn féllst ekki á þau rök rússneska stjórnlagadómstólsins að hermennska krefðist þess að menn inntu skyldur sínar ótruflaðir af hendi og það að hermenn almennt tækju foreldraorlof hefði neikvæð áhrif á starfshæfni hersins. Engin sérfræðiálit eða tölfræðilegar rannsóknir lægju fyrir sem leiddu þetta í ljós. Stjórnlagadómstóllinn hefði að þessu leyti byggt ákvörðun sína á getgátum.

14. gr. Bann við mismunun

Með vísan til framangreindra röksemda komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að neitun um að karlkyns hermenn fengju rétt til þriggja ára foreldraorlofs, sem konur í hernum áttu rétt til, væri ekki studd nægjanlega gildum rökum. Því hefði verið brotið gegn 8. og 14. gr. sáttmálans.

Einn dómari skilaði séráliti.

Dómurinn taldi ekki efni til að dæma rússneska ríkið til greiðslu miskabóta samkvæmt 41. gr. þar sem það hefði komið að nokkru til móts við kæranda með því að veita honum foreldraorlof og fjárhagsstyrk.

Alekseyev gegn Rússlandi

Dómur frá 21. október 2010

Mál nr. 4916/07, 25924/08 og 14599/09

Sjá reifun dómsins undir 11. gr.

Jakóbski gegn Póllandi

Dómur frá 7. desember 2010

Mál nr. 18429/06

Sjá reifun dómsins undir 9. gr.

Fangar. Sérfæði vegna trúarskoðana.

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

J.M. gegn Bretlandi

Dómur frá 28. september 2010

Mál nr. 37060/06

Sjá reifun dómsins undir 14. gr.

Meðlagsgreiðslur. Sambúð samkynhneigðra.

Perdigao gegn Portúgal - Yfirdeild

Dómur frá 16. nóvember 2010

Mál nr. 24768/06

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

Agreiningur um fjárhæð eignarnámsbóta. Málskostnaður.

1. Málsatvik

Kærendur, Joao José Perdigao og Maria José Queiroga Perdigao, eru portúgalskir ríkisborgarar. Þau eru fædd árin 1932 og 1933 og búa í Lissabon í Portúgal.

Land í eigu kæranda, 130.000 fermetrar, var tekið eignarnámi árið 1995 en landið var notað til vegagerðar. Kærendur voru ekki sammála yfirvöldum um fjárhæð eignarnámsbóta sem þau fengu. Sérstök matsnefnd sem ákvarðaði bótafjárhæðina komst að þeirri niðurstöðu að greiða skyldi kærendum 177.987,17 evrur fyrir landið. Kærendur kærðu niðurstöðuna og héldu því fram að þau hefðu átt rétt á rúmlega 20 milljónum evra í bætur fyrir landið. Byggnu þau kröfu sína m.a. á þeim hagnaði sem hefðu getað fengið með því að nýta námur á landinu. Unnar voru matsgerðir um verðmæti landsins. Önnur þeirra kvað á um að landið væri 4 milljóna evra virði en hitt að það væri 9 milljóna evra virði.

Í júní árið 2000 hafnaði dómstóll kröfum kæranda á þeim grundvelli að ekki hefði átt að taka mið af mögulegum framtíðarábata kæranda vegna námuréttinda. Dómstóllinn taldi þess vegna að kærendur hefðu einungis átt rétt á 197 þúsund evrum í bætur fyrir landið. Um leið kvað dómstóllinn á um að kærendum bæri að greiða 300 þúsund evrur til ríkisins í málskostnað en ákvörðunin tók að einhverju leyti mið af fjárhæð dómkrafna kæranda. Kærendur voru því dæmd til að greiða rúmlega 111 þúsund evrur í málskostnað.

Kærendur skutu málinu til stjórnlagadómstóls Portúgals. Hann taldi að beiting undirréttar á lagaákvæðum um málskostnað hefði brotið í bága við stjórnarskrá landsins. Stjórnlagadómstóllinn tók aftur á móti ekki ákvörðun um hve hár málskostnaðurinn skyldi vera og fór málið því aftur til meðferðar á lægra dómstigi. Áfrýjunardómstóll tók í kjölfarið þá ákvörðun að málskostnaður sem þau skyldu greiða skyldi ekki nema hærri fjárhæð en 15 þúsund evrum meira en þau fengu í eignarnámsbætur. Lokaniðurstaða dómstóla í Portúgal

var því sú að jafnvirði allra eignarnámsbótanna og 15 þúsund evrur að auki runnu til ríkisins í formi málskostnaðar.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandur reistu kæru sína á því að ákvörðun portúgalskra dómstóla um málskostnað í tilviki þeirra hefði brotið í bága við 1. gr. 1. viðauka sáttmálans.

Niðurstaða deildar

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu 4. ágúst 2009, með fimm atkvæðum gegn tveimur, að brotið hefði verið gegn 1. gr. 1. viðauka við sáttmálann þar sem sá málskostnaður sem kærandur voru dæmdir til að greiða ríkinu fyrir portúgölskum dómstólum var hærri en eignarnámsbæturnar sem þeim voru dæmdar vegna eignarnáms á landi þeirra.

Niðurstaða yfirdeildar

Dómstóllinn tók fram að til þess að aðgerð teldist vera í samræmi við 1. gr. 1. samningsviðauka yrði hún að vera lögmæt en ekki byggð á geðþótta. Auk þess yrði að vega og meta almannahagsmuni og grundvallarréttindi einstaklingsins til að njóta eignarréttinda. Af því leiddi að það yrði að vera samhengi milli aðgerða yfirvalda og þeirra markmiða sem stefnt væri að. Þó benti dómstóllinn á að aðildarríkin hefðu rúmt svigrúm til mats, bæði um það til hvaða leiða þau gripu til að takmarka eignarréttindi og við að meta hvort afleiðingar takmarkana hefðu verið réttlætanlegar samkvæmt 1. gr. 1. samningsviðauka.

Dómstóllinn benti á að í tilviki kæranda hefðu eignarnámsbætur sem þau hlutu allar runnið til greiðslu kostnaðar vegna málarekstrar um ágreining um fjárhæð bótanna Einnig hefðu þau þurft að greiða aukalega 15 þúsund evrur. Dómstóllinn tók fram að það væri ekki hans hlutverk að meta þá aðferð sem notuð væri í Portúgal við útreikning á dæmdum málskostnaði heldur hvernig þeirri aðferð var beitt í tilviki kæranda. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að ekki hefði tekist að vernda eignarréttindi kæranda þar sem þau þurftu að greiða 15 þúsund evrur auk þess sem þau glötuðu landi sínu.

Dómstóllinn rakti að það virtist þversagnakennt að ríkið tæki með annarri hendinni meira frá borgurunum en það veitti þeim með hinn. Þrátt fyrir að lagalegur grundvöllur þessara tveggja aðgerða væri mismunandi þá stæði það ekki í vegi fyrir því að dómstóllinn mæti hvort málskostnaður sá sem kærandur þurftu að greiða væri réttlætanlegur miðað við það markmið yfirvalda sem bjó að baki eignarnámi lands þeirra gegn viðeigandi bótum.

Dómstóllinn tók fram að eins og portúgölsk lög væru úr garði gerð tækju kærandur áhættu með því að gera eins háa dómkröfu og þau gerðu þar sem fjárhæð kröfunnar hafði áhrif á hversu háan málskostnað þau gátu þurft að

1. gr. 1. viðauka. Friðhelgi eignarréttar

greiða ef ekki yrði fallist á kröfuna. Af þessu hefði leitt að kærendur þurftu að bera of þunga byrði vegna eignarnáms á landi þeirra. Ekki hefði verið nægjanlegt samræmi á milli þeirra almannahagsmuna sem bjuggu að baki eignarnáminu og eignarréttinda kærenda. Því hefði verið brotið gegn 1. gr. 1. samningsviðauka.

Portúgalska ríkinu var gert að greiða kærendum 190 þúsund evrur í fjár- og miskabætur.

Fimm dómara skiluðu séráliti þar sem komist var að sömu niðurstöðu.

